

INGER BIRTA PÉTURSDÓTTIR

Endurnýjar
bílaflotann

Bílar Ferðir Heimili

allt í MIÐU BLAÐSINS



HEIMILI

Svart og elegant

Sérlað um hús og heimili

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

28. október 2006 – 289. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Tap gegn Ungverjum

Íslenska landsliðið í handbolta tapaði fyrir Ungverjum í æfingaleik ytra með áttu marka mun.

ÍPRÓTTIR 56



Aukahlutir líkamans

Ljósmyndarinn Gunnar Svanberg sýnir verkefnið sitt „Human Spare Parts“ í Pompidou safnini í París, auk þess að mynda fyrir virta tímaritið Colors.

HELGIN 34



Skiftir um útgefanda

Ný morðsaga eftir Ævar Örn Jósepsson kemur út fyrir jólín.

FÓLK 62


Rætt um hvalveiðar

Það sem sagt hefur verið um hvalveiðarnar í útlöndum.

HELGIN 36




VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING NYRÐRA - Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt en þó stíff austanátt úti við norðurströndina og sums staðar austan til. Rigning norðan og austan til, annars úrkomulítið. Rofar nokkuð til syðra síðegis. Hiti 4-9 stig, mildast syðst.

VEDUR 4



BAUGSMÁL Martine Solovieff, saksóknari í Lúxemborg, segir óheppilegt að ítrekunarbréfi sínu til embættis ríkislöggreglustjóra hafi ekki verið svarað. Saksóknari í Baugsmálín staðfestir að gögnin frá Lúxemborg styðji við önnur sakarefnin en fram koma í réttarbeiðni.

Í bréfinu ítrekaði hún að aðeins mætti nota gögn í Baugsmálínun, sem aflað var samkvæmt réttarbeiðni sem embætti ríkislöggreglustjóra sendi til Lúxemborgar 2004, á grundvelli þeirra sakarefna sem nefnd væru í réttarbeiðninni. „Það er óheppilegt að hafa ekki verið upplýst um það hvernig gögnin eru notuð, sem aflað var á grundvelli tiltekinna sakarefna og fyrir tiltektina rannsókn. Ég sékk ábendingu um það frá lögmanni, að hugsanlega

væri verið að nota gögnin á röngum forsendum og bess vegna er það mikilvægt að fá úr því skorið, ótvírætt, hvernig gögnin eru notuð. Það er algjörlega óheimilt að nota gögnin í öðru málí og til stuðnings öðrum ákæruefnum en tiltekið er í réttarbeiðni sem búið er að samþykka. Á þeim forsendum hefði auðvitað verið heppilegra að fá við því skýr svör, hvernig gögnin eru notuð sem aflað var;“ segir Martine. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu eru gögnin, sem aflað var á grundvelli gruns um að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi gerst sekir um peningaþvætti, fjárvík, innherja-

svík og fjárdrátt, notuð til stuðnings ákærulíðum 11, 12 og 17 í ákærunni sem tekin verður til aðalmeðferðar í febrúar á næsta ári.

Ákærulíðir falla undir meiriháttar bókhaldsbrot en ekki bau sakarefni sem tiltekin eru í réttarbeiðni. Þetta staðfesti Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálín, við blaðamann. Hann vildi ekki tjá sig um málid en sagði það hluta af mörgum ágreiningsefnum sem fjallað yrði um fyrir dómum.

Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeilda Ríkislöggregustjóra, segir bréfið ekki hafa gefið tilefni til svars.

- mh / sjá síðu 6



GEIR H. HAARDE formaður Sjálfstæðisflokkssins greiddi atkvæði í prófkjöri flokkssins í Reykjavík síðdegis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRDUR

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

2.734 höfðu kosið í gær

PRÓFKJÖR 2.054 kusu í prófkjöri Sjálfstæðisflokkssins í Reykjavík í gær. 680 atkvæði voru greiddi utan kjörfundar.

Þetta er ívíð minni þátttaka en í prófkjöri flokkssins fyrir ári vegna borgarstjórnarkosninganna í vor en þá kusu um 2.600 á fyrri degi prófkjörsins.

Um 21 þúsund eru á kjörskrá.

Í prófkjöri sjálfstæðismanna vegna þingkosninganna fyrir fjórum árum tóku um 7.500 þátttakar.

Kjörfundur hefst klukkan tíu í dag og stendur til klukkan 18. Kosið er á sjó stöðum í borginum.

Fyrstu tölur verða tilkynntar um leið og kjörfundi lýkur. - bps



HERJÓLFUR Í ÚFNUM SJÓ Vindhraði á svæðinu var um þrjátíu metrar á sekúndu í gær, að sögn Óskars.

MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Herjólfur í miklum öldugangi:

Seinkaði um fimm korter

VEDUR Vestmannaeyjaferjan Herjólfur kom klukkutíma og korterí of seint til hafnar í Vestmannaeyjum í gær á leið sinni frá Þorlákshöfn. Venjulega er ferjan two klukkutíma og þrjú korter á leiðinni.

Öldugangur var í meira lagi í gær að sögn Óskars Sigurðssonar, veðurathugunarmanns á Stórhöfða. „Öldudufl við Surtsey sýndi ölduhæð upp á 7,7 metra samkvæmt veðurdúflum og rúmir fjarir metrar við Bakkafjör.“

Það er talað um stórsjó þegar ölduhæð er komin yfir sex metra, samkvæmt skilgreiningu Veðurstofu Íslands.

- opf/sdg

Kaupþing slær Íslandsmeit í hagnaði fyrirtækja:

Gróðinn jafn verðmæti fiskveiða

VIDSKIPTI Kaupþing hagnaðist um 67,2 milljarða króna fyrstu níu mánuði þessa árs. Með þessu er slegið Íslandsmeit í hagnaði fyrirtækja. Til samanburðar má geta bess að aflaverðmæti íslenskra skipa að öllum miðum í fyrra var 67,9 milljarðar króna.

„Góð afkoma bankans undirstrikar það sem áður hefur komið fram, að fjármálageirinn er kominn hér fram á völlinn sem veiga mikil atvinnugrein sem stendur undir verulegum hluta af verðmætaskópun í þjóðarbúinu,“ segir Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskóla Íslands í Reykjavík. „Þetta sýnir bæði og undirstrikar að



HREIDAR MÁR SIGURÐSSON Forstjóri Kaupþings greiðir atkvæði á hluthafafundi. Bankinn græddi mjög að sólu eignarhlutar í Exista í haust.

stjórnendum bankans og starfsfólk til hamingju með árangurinn.“

Ólafur bendir á að viðar megi bera saman við sjávarútveginn bvi hagnaður Landsbankans af sölu Carnegie í Svíþjóð í fyrra hafi verið tíu milljarðar króna, sem jafngildi samanlöggðu verðmæti loðnuvertíðanna 2004 og 2005. „Á mælikvarða framlags til landsframleðslu er fjármálageirinn begar búinn að skáka sjávarútveginum, en það breytir því ekki að sjávarútvegurinn er mjög þýðingarmikill atvinnuvegur og þessar atvinnugreinar vinna náttúrulega saman að hagsæld í landinu.“

- óká / sjá síðu 12

Kristján Jóhannsson tenór:

Syngur fyrir páfa

FÓLK Tenórinn Kristján Jóhannsson nýtur lífsins á Ítalíu og býr sig

undir að syngja fyrir páfa um

jólin og þá jafnfram

fyrir um milljarð áhorfenda

viða um heim meðal kab

ólikka. Kristján æfir auk þess

hlutverk Heródesar í óperu

eftir Strauss

sem verður frumflutt í Róm.

Kristján horfir heim til Íslands en hann fór ósáttur af landi brott fyrir tveimur árum. Þetta kemur fram í fyrsta viðtalini sem hann veitir eftir þann darraðardans.

- jbg / sjá síðu 32



KRISTJÁN JÓHANNSSON



Hver er niðurstæðan í fyrsta bindi ævisögunnar?

Hannes Hólmsteinn hefur verið blár frá rennblaut barnsbeini; hann drakk í sig Friedman og Hayek með móðurmjólkinni.

Ottar Martin Norðfjörður heimspakingur er ævisagnaritari Hannes Hólmsteins Gissursonar. Fyrsta bindið, „Nötin er blá, mamma“, er 2 bls að lengd og kemur út í byrjun desember.

Lögreglan eykur viðbúnað í miðbænum vegna nauðgunarmála:

Óeinkennisklæddir löggreglu-menn á vakt um helgina

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík ætlar að auka viðbúnað í miðbænum um helgina vegna þriggja nauðgana sem hafa átt sér þar stað í skjóli nætur síðastliðnar tvaer vikur.

„Það er hægt að rífa manneskjum inn í næsta húsagarð, nauðga henni og enginn sér eða veit neitt. Við þurfum að koma í veg fyrir svona hrottaskap, Slíkar árásir eru hins vegar fátíðar og



GEIR JÓN PÓRÍSSON

því kom mér á óvart þegar ég heyrði af þessum premur nauðgunum,“ segir Geir Jón Pórísson yfirlöggregluþjónn um aukinn viðbúnað löggreglunnar í miðbænum um helgina.

Einkennis- og óeinkennisklæddir löggreglu-menn, á merktum og ómerktum bílum, munu vakta miðbænum um helgina að sögn Geirs Jóns. „Við munum beita öllum til-

tækum ráðum til að auka eftirlit næst veitingastöðum og við miðborgina. Og við munum setja eins marga menn og við getum á vakt. Mennum sem eru í þessum hugleiðingum geta því ekki verið öruggir með sig; við ætlum að reyna að koma í veg fyrir að slíkur hryllingur endurtaki sig,“ segir Geir Jón.

Hann bætir því við að nauðsynlegt sé að koma upp fleiri öryggismyndavélum í miðbænum og að samþykkt liggi fyrir því hjá Reykjavíkurborg.

- ifv



KRÖFUGANGA íbúar Parísa úthverfisins Clichy-sous-Bois í kröfugöngu í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP

Götúoeirðir í Frakklandi:
Bílar brenndir ári eftir ölduna

FRAKKLAND, AP Franska lögreglan sendi í gær mikinn liðsauka út í úthverfi Parísa, þar sem óttast var að óeirðir brytust út á ný í nót. Í gærkvöldi voru tveir strætisvagnar brendir. Rétt ár er liðið frá því að mikil óeirðalaða upphófst í innflytjendaúthverfunum í kjólfar þess að tveir unglungar úr norður-afrískum innflytjendafjölskyldum dóu af slýsförum þegar þeir reyndu að fela sig fyrir lögreglunni.

I fyrrinótt voru um 100 bílar brendir í borgum landsins, helmingurinn í Parísa úthverfunum. Í ofbeldisoldunni fyrir ári náðu óeirðaseggir að brenna allt að 1.400 bíla á nót, auk annarra skemmdarverka.

- aa

Stefanía Sigurjónsdóttir:
Lést í bílslysi á Vopnafirði



Konan sem lést þegar bíll hennar rann fram af klettum við heilsugæslutöðna í Vopnafirði í fyrradag hét Stefanía Arnfríður Heiðar Sigurjónsdóttir og var til heimilis að Kolbeinsgötu 5 á Vopnafirði.

Stefanía var fædd 21. júní árið 1941 og því 65 ára þegar hún lést. Stefanía lætur eftir sig fjórar dætur og einn son.



Vöndum valið!

BIRGIR
ÁRMANNSSON

www.birgir.is

Tekin kverkataki og skipað að aka áfram

Öryggisbúnaður í leigubifreiðum er í lágmarki eða alls enginn. Tveir leigubílstjórar segja hér frá atvikum sem þeir hafa upplifað í starfi. Um er að ræða líkamlegt ofbeldi, líflátshótanir og áreiti. Peir vilja aukið öryggi í starfi.



TVEIR LEIGUBÍLSTJÓRAR Skora á Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra að setja reglur um skylduöryggisbúnað í leigubíla. Þær segjast vilja sjá bún úr plexigleri utan um hvern einasta leigubílstjóra. Þeir séu óvárrir eins og búið sé að þeim í dag, en fái stundum fólk vopnað hnifum í bílana.

hverfa út í myrkrið, en atburðurnar var kærður til lögreglu.

Þessi sami bílstjóri hafði áður lent í því að farþegi kallaði hann öllum illum nöfnum, hótæði honum margssinnis lífláti, sló hann stöðugt í öxlina meðan á ferðinni stóð og braut loks vínfloksu sem hann ætlaði síðan að skaða bílstjóran. Bílstjórin náði að sparka manninum út úr bílnum þegar hann hallaði sér út til að brjóta flöskuna. Það atvik var einnig kært.

Hin konan sem Fréttablaðið ræddi við hefur einnig komist í hann krappan. Hún hefur einnig verið tekin kverkataki við akstur, rifið hefur verið í hár hennar, hún hefur verið stungin með pennu í andlitið meðan á akstri stóð, og svo mætti áfram telja. Hún hefur orðið fyrir því að farþegi tók annan farþega kverkataki og herti að þar til það fór að korra í honum, hann blánaði upp og missti meðvitund. Þá klöngraðist árasarmaðurinn í framsætið og hóf að áreita hana gróflega, bar til hinna komst til meðvitundar. Þá fór maðurinn aftur í aftursætið og hélta áfram misþyrmingunum, sem enduðu með kynferðislegu ofbeldi.

jss@frettabladid.is

verið teknar kverkataki við akstur, rifið hefur verið í hár hennar, hún hefur verið stungin með pennu í andlitið meðan á akstri stóð, og svo mætti áfram telja. Hún hefur orðið fyrir því að farþegi tók annan farþega kverkataki og herti að þar til það fór að korra í honum, hann blánaði upp og missti meðvitund. Þá klöngraðist árasarmaðurinn í framsætið og hóf að áreita hana gróflega, bar til hinna komst til meðvitundar. Þá fór maðurinn aftur í aftursætið og hélta áfram misþyrmingunum, sem enduðu með kynferðislegu ofbeldi.

- kóp

Skýrsla nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi:

Tryggja þarf gagnaflutninga

VIÐSKIPTI Öryggi gagnaflutninga stendur áætlunum stjórnvalda um að koma hér á fót alþjóðlegri fjármálastöð fyrir þrifum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu nefndar um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi. Skýrslan var kynt á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun.

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu stendur til að kynna efni hennar enn frekar á sérstakri ráðstefnu áður en langt um liður. Í skýrslunni eru reiðar margvislegar hugmyndir um hvernig skapa mætti hér umhverfi sem stuðlað gæti að aukinni fjármálastarfsemi.

„Við reyndum að vinna þetta sem hugmyndabanka fremur en ákveðnar tillögur,“ segir Sigurður Einarsen, formaður nefndar ráðuneytisins. „Það er svo frekar stjórnmalamanna og löggjafans að vinna úr þessum hugmyndum, en þær snúa fyrst og fremst að því umhverfi sem gæti stuðlað að aukningu á fjármálastarfsemi hér.“ Hann segir þó bent áatriði í almennu umhverfi hér sem stingi í augu, líkt og vöntun á alþjóðlegum skólam og að hér skuli ekki vera öruggt varasamband gagnaflutninga til útlands.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að ekki þurfi mikil



VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ Nefnd um Ísland sem fjármálastöð leggur til að könnuð verði alþjóðleg lifeyrissjóðastarfsemi og stiglækkandi tekjuskattur á fyrirtæki.

að koma til í fjármálageiranum til að skila litlu þjóðarbúi eins og okkar miklum ávinningu.

- ók

Stórfelldur fíkniefnainnflutningur:

Tveir menn í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Tveir Íslendingar sitja í gæsluvarðhaldi vegna stórfelldis fíkniefnainnflutnings. Hörður Jóhannesson, aðstoðaryfirlöggregluþjónn, staðfestir að þeir hafi verið handteknir um síðstu helgi eftir að þeim hafi borist pakki með ætludum fíkniefnum með hraðsendingu frá Danmörku.

Á vef vísir.is í gær kom fram að um væri að ræða tíu kíló af hassi og að löggreglan í Reykjavík ynni að rannsókn málsins í samstarfi við dönsk löggregluyfirvöld. Hörður vildi þó ekki staðfesta sílk né magn og tegund efnanna.

- þs

Jólin farin að gera vart við sig: Stærsta íslenska jólatréð reist

JÓLATRÉÐ Jólatré hefur verið reist við Blómaval við Skútvog og er um að ræða stærsta íslenska jólatréð sem fellt hefur verið hér á landi að sögn Hreins Óskarssonar, skógarvarðar á Suðurlandi, sem sá um að velja og fella tréð.

Tréð var fellt í Skógarlundi við Kirkju-bæjklaustur og mun hafa verið gróðursett um eða upp úr 1950. Það þurfti nú að víkja vegna útsýnis að Systrafossi og í staðinn verður komið upp áningarástað fyrir ferðamenn í lindunum fyrir andvirkði trésins.

Umfjöllun Extrabladet:

Leituðu til íslenskra nema

DANMÖRK Danska Extrabladet birtir á morgun umfjöllun um meint tengsl rússneskrar maſíu við íslenskt viðskiptalíf. Þann tíunda þessa mánaðar leitaði Extrabladet til fimm íslenskra nemenda sem eru við Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn, Copenhagen Business School.

Nemendum var sendur tölvupóstur þar sem þeim er boðin greiðsla fyrir þýðingar, að skoða reikninga og „veita innblástur um aðra mögulega vinkla“.

Í bréfinu kemur fram að unnið hafi verið í nærrí mánuð að umfjölluninni.

- kóp



íSá
tí kall
já! 10 kr
Gildir í Skútvogi



Jólalandið opnar

30%
af öllum
kertum
Laugardag og sunnudag



4 Erikur
799



Kauptu blóm
í Skútvogi
og fáðu Machintosh
í kaupbaeti

Öll pottablóm
á hálfvirði

blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað og skó á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Dagana 27.-29. október
afnemum við VSK af
**ÖLLUM FATNAÐI
OG SKÓM.**

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka, sokkabuxur
og skó án virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður og skór
á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. október 2006.

HAGKAUP
skemmtilegast að versla

HELGARSPRENGJA!

SPARID
10.000,-

Verð áður: 29.900,-
19.900,-

SPARID
10.000,-

Verð áður: 39.900,-
29.900,-

„KOS“ SVEFNSÓFI

Svefnsófi með springdýnu og rúmfatageymslu. Stærð 195 x 94 x 96 sm. Útdreginn st. 120 x 195 sm.

SPARID
2.000,-

Verð áður: 5.990,-
3.990,-



„KRONBORG CLASSIC“ GÆSADÚNSSÆNG

Gæðasæng fyllt með gæsadúni og smágerðu fiðri. Þyngd 900 gr. Bómullaráklæði. Saumuð í 5 x 7 ferninga. Snúrukantur. Stærð 135 x 200 sm.

Verð áður: 44.900,-
34.900,-

SPARID
10.000,-

Verð áður: 6.990,-
4.990,-



YFIRDÝNA INNIFALIN

PLUS B10 BOXDÝNA STÆRD 140 X 200 SM + BOGAFÆTUR

Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í efta lagi eru 230 Bonell/LFK-gormar á hvem fermetra og í neðra lagi dýnunnar eru 150 Bonell-gormar á hvem fermetra. Miðlungs stff. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheillri furu.

„PATREKUR“ SKRIFBORDSSTÓLL
Svartur skrifborðsstóll með lágu baki og krómfæti. Netáklæði á baki sem gefur aukin þægindi.

ATH. TILBODIN GILLA TIL OG MED SUNNUDEGINUM 29.10.06 EDA Á MEDAN BIRGDIR ENDAST.

-góð
kaup

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

FL Group og Sinfóníuhljómsveit Íslands styrkja BUGL um 20 milljónir:

Börn sem eru í sjálfsvígshættu styrkt



1. Hvaða Norðurlandapjöld ætlað að banna háð og hótanir í garð samkynhneigðra?

2. Hversu mikil lækka styrkir Reykjavíkurborgar til Alþjóðahúss milli ára?

3. Hver ætlað að skrásetja priggja binda œvisögu Hannesar Hólmsteins Gissursonar?

SVÖRIN ERU Á BLÍS. 62



HREINDÝR Erfitt getur reynst að koma hreindýrum af hætusvæðum við þjóðvegi.

Hreindýr við þjóðvegi:

100 dýra hjörð á Fagradal

HREINDÝR Nú undanfarið hefur um hundrað dýra hjörð haldið sig á Fagradal, á milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar. Umferð um Fagradal er þó nokkur og eru vegfarendur beðnir að fara gætlega.

Á hreindýr.is kemur einnig fram að heindýr sjáist oft við veginn í Lóni og Nesjum og enn fremur á Háreksstaðaleiðinni, á Jökuldal og í Heiðarendanum norðan við Egilsstaði. Erfitt getur reynst að reka hreindýr frá þeim stöðum sem þau ætla sér að vera á. - hs

LÍKNARMÁL Fl Group og Sinfóníuhljómsveit Íslands munu á næstu fjórum árum styrkja Barna- og unglingsageðdeild Landspítalans um 20 milljónir. Styrkurnir rennur til verkefnis á vegum BUGL sem kallast „Lifið kallað“ og miðar að því að styrkja börn og unglings sem metin hafa verið í sjálfsvígshættu.

Kristján Kristjánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs FL Group, segir stuðninginn felast í því að styrktaraðilar standi árlega fyrir einum styrktartónleikum og mun ágóðinn af þeim renna til verkefnisins. „Ástæðan fyrir samningum er sí að okkur langaði til að gera

eitthvað fyrir samfélagið og okkur kom saman um að styrkja þetta verkefni hjá BUGL. Þetta er hópur sem þarfast mikillar þjónustu og þarf á fjárvætingu að halda.“

Stuðningsverkefnið „Lifið kallað“ er hugsað fyrir börn og unglings á aldrinum tólf til átján ára sem koma að bráðamóttöku BUGL og þurfa á eftirmeðferð að halda að lokinni kreppumeðferð. Inntak verkefnisins er fjölskyldan, tengsl og lífsgleðin sem verndandi öryggisnet.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra var viðstödd undirrituna og lýsti yfir stuðningi við verkfnið. - hs



UNDIRRUTUN SAMNINGS Hrefna Ólafsdóttir, yfirlagsráðgjafi BUGL, Hannes Smárason, forstjóri FL Group, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, Próstor Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Guðrún B. Guðmundsdóttir, staðgengill yfirlæknis BUGL.

Íslenska fríblaðinu Nyhedsavisen vel tekið í Danmörku: **Efst í gæðakönnun**

FJÖLMIDLAR Lesendum bykir Nyhedsavisen, fríblaðið sem íslenska fjölmíðafyrirtækið Dagsbrún Media gefur út í Danmörku, betra að gæðum en hin dönsku fríblöðin: Dato og 24 timer.

Petta kemur fram í gæðakönnun sem markaðsstjóriinn Jesper Claus Larsen gerði meðal 133 lesenda fríblaðanna í síðustu viku. Sagt var frá þessum niðurstöðum í danska blaðinu Børsen á fimmtudaginn.

„Lesendurnir telja að innihald Nyhedsavisen sé betra, að gæði þess séu meiri og að fréttir bláðsins séu betri en hinna fríblaðanna. Á heildina litid taka 41 prósent lesenda Nyhedsavisen fram yfir Dato og 24 timer,“ sagði



GUNNAR SMÁRI EGILSSON

Jesper um heildarniðurstöður könnunarinnar. „Pessar niðurstöður sýna að blaðið sem við erum að framleiða er gott, en könnunin var gerð tveimur vikum eftir að Nyhedsavisen kom út í fyrsta sinn þann 6. október,“ segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrún Media. Gunnar er sannfærður um að viðhorf til gæða fríblaðanna muni aukast í framtíðinni: „Nyhedsavisen er allt annars konar blað en hin fríblöðin. Við miðum okkur við seldu áskriftarblaðin, Berlingske Tidende, Politiken og JP og við ætlum að ná auglýsingatekjum af þeim í framtíðinni. Það er svo sem ekki sigur fyrir okkur að tekjast betri en hin fríblöðin.“ - ifv

Dögg Pálsdóttir

Látum verkin tala

Styðjum Dögg í 4. sætið

Kosningaskrifstofa
Daggar er opin í allan dag.
Heitt á könnunni
og ljúfar veitingar.

**Kynntu þér áherslumál
Daggar á
www.dogg.is**



4

www.dogg.is í sætið

KOSNINGASKRIFTSTOFA
Laugavegi 170, 2. hæð
sími 517-8388

Ríkið sýknað af kröfum ÖBÍ

Samkomulagið er ekki talið bindandi. Miklu líkara samskiptum manna í undirheimunum, segir fyrrum formaður ÖBÍ. Lögmaður bandalagsins segir að dómnum verði líklega áfrýjað.

DÓMSMÁL Íslenska ríkið var sýknad að kröfu Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) í Héraðsdomi Reykjavíkur í gær vegna meintra vanefnda þess á samkomulagi stjórnvalda og ÖBÍ frá árinu 2003. Samkomulagið snérist um að tvöfaldar attí lifeyri beirra sem metnir voru 75 prósent öryrkjar eða meira. Ríkið taldi sig hins vegar einungis hafa skuldbundið sig til að veita einum milljarði króna til verkefnisins en útreikningar sýndu að full framkvæmd samkomulagsins hefði kostað 500 milljónum króna meira.

Í domsúrskurði segir að ÖBÍ hefði átt að vera það ljóst að yfirlýsingar ráðherra gætu ekki skuldbundið ríkissjóð til greiðslu nema um væri að ræða sem ráðstöfun sem ráðherran hefði vald til þess að framkvæma. Svo hafi ekki verið í þessu tilfelli.

Þá segir að aldrei áður hafi reynt á það hvort fyrirheit um tilteknar lagabreytingar séu í raun skuldbindandi. Því hafi útgáfa fréttatilkynningar um gerð samkomulagsins ekki verið stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnýslulaga og réttur ekki stofnast til lifeyrisgreiðslana umfram það sem í lögum segir.

Garðar Sverrisson, sem var formaður ÖBÍ á þeim tíma sem samkomulagið var gert, segir það skýrt að um samkomulag hafi verið að ræða sem ráðherra hafi gert fyrir hönd ríkissjórnarinnar líkt og fram hafi komið í fréttatilkynningunni en ekki einhvers konar viljayfirlýsing ráðherra. „Við verðum að hafa það í huga að á Íslandi er löng og sterk hefð fyrir því að forystumenn framkvæmdavaldsins eru jafnframt forystumenn þingmeirihlutans. Pessir menn létu ekki aðeins hjá



GARÐAR SVERRISSON
Segir ríkissjórninna hafa svikið samkomulag við Öryrkjabandalagið.



SIGRÍÐUR RUT JÚLIUSDÓTTIR
Fer yfir niðurstöðu málsins með fulltrú um Öryrkjabandalagsins í næstu viku.

líða að veita sér nægar fjráheimildir til að efna samkomulagið heldur beinlínis felldu tillögur bar að lútandi.“

Garðar segir að ríkissjórnin í heild beri óskoraða ábyrgð á þessu samkomulagi. „Komist þeir upp með svona gróv svik er vandséð hvernig heiðarlegt fólk að geta umgengist þá og hvað þá að gera við þá samkomulag. Þetta er allt miklu líkara samskiptum manna í undirheimunum.“

Sigridur Rut Júliusdóttir, lögmaður ÖBÍ, segir að farið verði fyrir málið í næstu viku með stjórn bandalagsins og athugað hvort ástæða sé til þess að áfrýja dómnum. Henni fannst þó líklegt að svo yrði. thordur@frettabladid.is

Helgi Hjörvar:

Skylda að efna samkomulagið

Helgi Hjörvar alþingismaður segir dóminn ekki breyta þeim kjarna málsins að Jón Kristjánsson hafi gert samkomulag með samþykki ríkissjórnar rétt fyrir kosningar sem varði kjör þúsunda manna sem ekki hafi verkfallsrétt. „Eftir sem áður er það pólitískt skylda ríkissjórnarinnar að uppfylla þetta samkomulag.

Ég trúi ekki öðru en að Geir Haarde og Jón Sigurðsson sem tekið hafa við í forystu stjórnflokkanna síðan þá muni ganga í það að leggja til þær liðlega 500 milljónir sem vantar upp á að samkomulagið sé efnt.“ - þsj



HELGÍ HJÖRVAR



Framtíðarmann í forystu!

www.illugi.is

Ný verkefni • Nýjar áherslur • Illuga í 3. sæti

Prófkjör okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík er 27. og 28. október 2006.

Velkomin í prófkjörskaffi

Kjördagana verðum við í hátiðarskapi
í kosningamiðstöðinni að
Suðurlandsbraut 14.

Við hvetjum þig til að kjósa og kíkja
svo til okkar í kaffi og bakkelsi.

Óskirðu eftir akstri á kjörstað skaltu
ekki hika við að hafa samband við
okkur í síma 553 0001.

Stuðningsmenn Illuga Gunnarssonar.



CHIRAC Í KINA Jacques Chirac Fraklandsforseti og Wu Bangguo, formaður allsþerjarnedndar kínverska þjóðþingsins, á fundi í Alþýðuhöllinni í Peking. Í för með Chirac eystra er fjölmenn frónsk viðskiptasendin nefnd.

FRÉTTABLAÐID/AP

ASÍ birti hagspá fyrir árin 2007 og 2008 á ársfundi sínum:

Ójafnvægið getur aukist

VINNUMARKAÐUR Alþýðusamband Íslands gerir ráð fyrir að hagkerfið nái mjúkri lendingu við lok nýverandi stóriðjuframkvæmda og að það feli ekki í sér harklegan samdrátt þó að verulega hægi á í efnahagslifi. Jafnvægi náist þó ekki sársaukalastu því að kaupmáttur margra dragist saman og gjaldþrotum fjöldi.

Í tengslum við ársfund ASÍ, sem nú standur yfir undir yfirsírtínni Hnattvæðingin á Nordenca hótel, hefur hagdeild ASÍ birt hagspá fyrir 2007 og 2008. Í spánni er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði lítil á árinu 2007 og að atvinnuleysi aukist, gengið veik-



BJARTSÝNI HJÁ ASÍ Hagdeild ASÍ er bjartsýn og spáir mjúkri lendingu þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur.

FRÉTTABLAÐID/GVA

ist, stýrivextir lækki samhlíða lækkandi verðbólgu og dragi úr

viðskiptahallanum. ASÍ gerir ráð fyrir að hagkerfið jafni sig þó fljótt. Strax á árinu 2008 verði hagvöxtur ágætur, verðbólga hóflug, stýrivextir lægri og gengið stöðugra. Hagkerfið nái með örðrum orðum jafnvægi aftur á árinu 2008.

Í hagspánni segir að hefjist frekari stóriðjuframkvæmdir í beinu framhaldi af nýverandi framkvæmdum í landinu nái hagkerfið ekki að jafna sig og það kalli á áframhaldandi ójafnvægi næsta áratuginn með mikilli verðbólgu, háum vöxtum og miklu gengissveiflum sem þrengi að launafólk og fyrirtækjum. - ghs

REYKJAVÍK

Hafna gatnamótum
Borgarráð hefur hafnað hugmyndum um að komið verið fyrir mislægum gatnamótum við Bústaðaveg og Reykjanesbraut.

Heilsuvernd í Mjóddina
Nú er áætlað að Heilsuverndarstöðin við Barónsstig heffi starfsemi í nýju húsnæði í Mjóddi í byrjun desember. Flutningurinn tekur nokkrar vikur en hann hefst um miðjan nóvember.



METROPOLITAN
hair sokkar

Skólagjöld draga úr jafnrétti til náms

Pingmenn stjórnarandstöðu eru ósammála niðurstöðum umræðuhóps um umbætur í málefnum háskóla. Peir telja ekki heppilegt að háskólar séu starfræktir eins og einkafyrirtæki. Skólagjöld megi ekki koma í veg fyrir háskólanám.

MENNTAMÁL „Það kemur ekki á óvart að menntamálaráðherra sé hlíðhollur tillögum umræðuhóps, sem hann hefur skipað sjálfur, um aukna einkavæðingu í skólaferfinu,“ segir Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, um niðurstöðum umræðuhóps, sem starfað hefur á vegum menntamálaráðuneytisins, um umbætur í málefnum háskóla sem kynntar voru á ráðstefnu í húsi Orkuveitunnar á miðvikudaginn.

Í niðurstöðum umræðuhópsins kemur meðal annars fram að háskólar þurfi að taka sér stjórnunarhætti úr almennu atvinnulífi til fyrirmynadar, að bein framlög fyrirtækja til háskóla verði frádráttarbær frá skatti og að „óhákvæmilegt“ sé að ræða skólagjöld í háskólum.

Kolbrúnu Halldórsdóttur, þingmanni vinstri grænna, finnst „grunnhyggð“ að líkja háskólum við starfsemi fyrirtækja á markaði sem rekin eru út frá arðsemisssjónarmiðum. Mörður tekur í sama streng: „Meginhlutverk háskóla eru ekki viðskipti heldur söfnun og framþróun pekkningar.“



MÖRÐUR ÁRNASON Segir hættuna vera þá að efnaðinna fólk komist ekki til náms verði háskólanum breytt.



HÁSKÓLANEMAR Háskólar eiga að taka sér stjórnunarhætti úr almennu atvinnulífi til fyrirmynadar samkvæmt niðurstöðu umræðuhóps menntamálaráðherra.

fjárfamlög fyrirtækja til háskóla séu frádráttarbær frá skatti, en með ákvæðum fyrirvorum: „Það gengur ekki að fyrirtæki geti komið sér undan skattgreiðslum með því að veita háskólunum fé til að vinna rannsóknarvinnu eða annað sem þeir myndu annars þurfa að gera sjálfir. Hættan er einnig sú að ef prófessorar háskóla-

anna gera eitthvað sem fyrirtækjum líkar ekki, þá hætti fyrirtækin að styrkja skólanu. Ég legg áherslu á nauðsynlegt sjálfstæði háskóla svo að fyrirtæki geti ekki stjórnad starfi heirra.“ Kolbrún telur hugmyndina varasama: „Fyrirtæki gætu kosið að veita bara fé til einkaskólanna því auðveldara sé að hafa áhrif á þá. Ríkisvaldið á frekar að veita meira fé til háskólanna,“ og bætir því við að hún sé „alfaríð á móti skólagjöldum við háskóla“.

Mörður telur skólagjöldin hafa hjálpað fjárhag skóla sem hafa tekið þau upp en að þau hafi líka skapad vandamál. Ungt fólk þurfi að geta stundað háskólanám í sem flestum fögum án þess að greiða fyrir það: „Við höfum lagt áherslu á að ekki séu skólagjöld í ríkisreknum háskólum, til dæmis í HÍ og HA. Nemandi þarf að eiga kost á því að fara í nám skólagjaldalaust. Það er spurning um jafnrétti til náms.“ ingi@frettabladid.is



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR Telur að frekar eigi að veita meira af opinberu fé til menntamála en að fyrirtæki styðji skólanu með fjárfamlögum.

Gerhard Schröder aftur í sviðsljósíð í Þýskalandi:

Ævin á bók ári eftir valdatap

PÝSKALAND, AP Nærri því ár er liðið síðan Gerhard Schröder kvaddi kanslarastólinn í Berlín, en andlit hans er nú alls staðar í þýskum fjölmöldum. Schröder er nú í kynningarherferð fyrir nýutkomna ævimirningabók sína, „Ákvárdarir: Líf mitt í stjórnálum“.

Kanslarinn fyrrverandi hélt á fimmtdag blaðamannafund í höfuðstöðvum þýska Jafnaðarmafflokkss, sem hann fór áður fyrir. Við taka 28 bokarkynningarfundir um landið þvert og endilangt.

Sumir fyrrverandi pólitískir samherjar Schröders höfðu ráðið honum frá því að birta minningar



sínar svo skömmu eftir að hann létt af embætti, en hann hefur ekki látið slíkar ráðleggingar aftra sér frekar en gagnrýnina sem hann fékk á sig fyrir að biggja strax stjórnarformennsku í rússnesk-þýska fyrirtækjini sem vinnur að því að leggja gasleiðslu um Eystrasalt frá Rússlandi til Þýskalandi. Tímasetning útgáfunnar er annars vel valin að því leytinu, að vinsældir arftakans í kanslaraembættinu, Angelu Merkel, hafa dalað hratt að undanförnu. - aa

AFTUR Í SVÍDSLJÓSIÐ Kanslarinn fyrrverandi á blaðamannafundi í Berlin í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP

Hagfræðingur iðnaðarins:

Skynsamleg efnahagsspá

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir að hagspá ASÍ sé vel unnin og telur að hagdeildin hljómi mjög raunhæf og skynsamleg í efnahagsspá sinni fyrir árin 2007 og 2008 en vonast til að verðbóluspán ræst ekki.

„Eina sem ég set spurningameiki við er að ASÍ spáir hærrí verðbólgu en aðrir. Það endurspeglast kannski í því að ASÍ reiknar með meiri óvissu í gengingu og telur frekar að aðrir að krónan falli. ASÍ gerir ráð fyrir að verðbólgan minnni en gerir samt ráð fyrir meiri verðbólgu en aðrir,“ segir hann.

Hlynur Hallsson:

Gefur kost á sér í forvali VG

STJÓRMÁL Hlynur Hallsson gefur kost á sér í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Nordausturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar vorið 2007.

Hlynur hefur þrisvar tekið sæti á yfirstandi kjörtímabili sem varþingmaður. Hlynur var formaður svæðisfélags

VG á Akureyri frá árinu 2002 til 2004 og kosningastjóri VG í bæjarstjórnarkosningunum á Akureyri fyrir á þessu ári.

Hlynur hefur kennið við Listaháskóla Íslands og Myndlistarskólan á Akureyri en fyrst og fremst starfað sjálfstætt sem myndlistarmaður.

- sdg

Gestur Svararsson:

Gefur kost á sér í 2. til 3. sæti

STJÓRMÁL Gestur Svararsson gefur kost á sér í 2. til 3. sæti í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í sameiginlegu forvali flokksins í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurfjördæmunum tveimur.

Gestur hefur tekið þátt í starfi vinstrí grænna, bæði sem stjórnarmaður og formaður svæðisfélagsins í Hafnarfirði. Gestur hefur einnig setið í stjórn kjördæmisráð Suðvesturkjördæmis sem meðstjórnandi og formaður, auk þess að vera varamaður í stjórn flokksins á landsvísu.

- sdg

Jóhann Björnsson:

Býður sig fram í 2. sæti hjá VG

STJÓRMÁL Jóhann Björnsson gefur kost á sér í forvali Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í höfuðborgarsvæðinu vegna komandi alþingiskosninga og stefnir á 2. sæti.

Jóhann hefur verið félagi í Vinstrihreyfingu - grænu framboði frá stofnun flokksins. Skipaði hann áttunda sæti á framboðslista flokksins við síðustu borgarstjórnarkosningar. Jóhann á sæti í stjórn Reykjavíkurfélags VG og situr fyrir hönd flokksins í barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar.

- sdg

KYNNING

á nýju vetrarvörum frá OROBLU í dag laugardag, kl. 12-16 í Lyfju á Laugavegi.

Kaupauki
fylgir hverri
OROBLU vörum

LYFJA www.lyfja.is

3. sætið

Um leið og ég þakka drengilega
prófkjörsbaráttu og góðan stuðning
hvet ég sjálfstæðisfólk í Reykjavík
til að taka þátt í prófkjörinu.

Ég býð fram krafta mína.



Guðfinna S. Bjarnadóttir

Guðfinna S. Bjarnadóttir

Tryggjum Guðfinnu S. Bjarnadóttur
3. sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna
í Reykjavík 27. og 28. október.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.3711 -1,59%	Fjöldi viðskipta: 456
Velta: 21.933 milljónir	
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ Bakkavör +0,17%	↓ Nýherji -5,66%
	Tryggingamiðstöðin -2,44%
	Mosaic -2,35%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 65,30 -1,36% ... Alfrasca 4,99 +0,00% ... Atlantic Petroleum % ... Atorka 6,32 -1,86% ... Avion 34,30 +0,00% ... Bakkavör 60,80 +0,17% ... Dagsbrún 4,94 -1,20% ... FL Group 23,00 -1,71% ... Glitnir 23,00 -1,71% ... Kaupþing 853,00 -1,73% ... Landsbankinn 26,00 -1,89% ... Marel 79,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,60 -2,35% ... Straumur-Burðarás 16,60 -2,35% ... Össur 123,00 -1,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Margt á prjónunum

Bakkavör kynnti nýtt merki félagsins samhliða því sem birt var gott uppgrjör síðasta ársfjórðungs. Nýja merkið er sérlega stílhreint og gegnum hugsað. Ó er vandræðastafur á alþjóðamarkaði. Lausnir felst í að breyta Ó í disk með gaffli. Þar við bætist að Bakkavör hugsar sér til vaxtar í Asíu og því er myndin bannig að auðveldlega má sjá matþróna á diskini út úr merki félagsins. Prjónarnir geta svo auðvitað auðveldlega vísað til þess að stofn- endur félagsins, þeir Águst og Lýður Guðmundssynir, eru þekktir fyrir það í viðskiptum sínum að hafa jafnan eitt og annað á prjónunum.



Danir í aðra atlögu

Extra Bladet birtir á morgun mikla grein um íslenskt viðskiptalífi. Þar er boðuð afhjúpun á því hvaðan íslensku peningarnir komu. Í kynningu segir Extrablaðið: „Hefurðu átt viðskipti við Sterling, Merlin eða Magasin? Og viltu vita hvort peningarnir fara? Eða hefurðu lesið Nyhedsavisen nýlega og vilt vita hvaðan peningarnir koma?“ Blaðið lofar svo því að svara þessum spurningum og leitar fanga til Rússlands, Luxemborgar og Jómfrúaeyja. Það verður auðvitað fróðlegt að sjá hvaða tökum málin verða tekin, en alveg er ljóst að Danir kaupa ekki þær skýringar sem nærtækastar eru um árangur íslenskra kaupsýslumannar og telja að hann hljóti að vera sprottinn af öðru en útjónarsemi og greiðum aðgangi að fjármagni.

Slá stóru sænsku bönkunum við

Kaupþing með meiri hagnað en SEB, SHB og Swedbank á síðasta ársfjórðungi.

Kaupþing skilaði meiri hagnaði á þriðja ársfjórðungi en allir stóru sænsku bankarnir að Nordea, langstærsta fjármálfyrirtæki Norðurlanda, undanskildu. Allt eru þetta samkeppnisaðilar á norrænum fjármálmörkuðum.

Ef hagnaðartölur bankanna fyrir skatta eru skoðaðar kemur í ljós að Nordea skilaði langmestum hagnaði á þriðja ársfjórðungi eða 91,4 milljarði. Hagnaður Kaupþings, 43,2 milljarðar fyrir skatta, dugar bankanum til að skjótast upp fyrir SEB, Handelsbanken (SHB) og Swedbank sem skiliðu 28-36 milljörðum í hús á þriðja ársfjórðungi.

Kaupþing er með hæstu arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli, riflega 47 prósentu arðsemi borið saman við 19-23 prósent hjá hinum bönkunum.

KAUPPING OG SÆNSKU BANKARNIR
- HAGNAÐUR FYRIR SKATTA OG AÐRAR TÖLUR

	3. ársfjórð.	Allt árið	Arðsemi	Markaðsvirði
Nordea	91,4	245,4	22,6%	2.540
SEB	35,9	106,4	19,9%	1.320
Handelsbanken	27,9	112,8	20,1%	1.160
Swedbank	34,8	96,5	19,2%	1.130
Kaupþing	43,2	80,6	47,2%	567

Allar upphæðir í milljörðum króna

Sænsku bankarnir eru þó nokkuð stærri en Kaupþing, bæði hvað varða í markaðsverðmæti og eignir. Nordea er um þrisvar sinnum verðmætara en Kaupþing.

- efa



PEIR SIGURÐUR EINARSSON OG HREÐAR MÁR SIGURÐSSON HAFA RÍKA ÁSTÆÐU TIL AÐ BROSA Kaupþing hagnaðist meira á fyrstu níu mánuðum ársins en áður hefur þekkt í sögu íslensks athafna- og viðskiptalífs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BÓKAVEISLA
FJÖLVA

NÚ Á AÐ TÆMA LAGERINN!

Smiðjuvegi 4, Kópavogi, græn gata

Missið ekki af einstöku tækifæri til að gera reyfarakaup á frábærum bókum.

Bækur fyrir alla fjölskylduna:

40-90%
afsláttur

Barnabækur - Teiknimyndasögur - Landakort - Tímarit
Listaverkabækur - Heilsubækur - Ljóðabækur
Skáldsögur - Ævisögur - Ferðabækur
og margt fleira

Allir sem kaupa fá bók í kaupbæti!

Allir sem kaupa 3 eða fleiri
Tinnabækur fá Tinnabol
í kaupbæti!

Kaupið jólagjafirnar
fyrir alla fjölskylduna
á einu bretti



www.fjolvi.is
Sími: 565 6500



Opnunartími:
Virka daga kl. 12-18
Laugardaga kl. 10-17
Sunnudaga kl. 12-17

MARKAÐSPUNKTAR...

Vöruskiptajöfnuður í september var óhagstæður um 7,6 milljarða króna. Alls voru fluttar út vörur fyrir 22,3 milljarða og inn fyrir 29,9 milljarða. Það er lægsti mánaðarhalli á vöruskiptum frá því í október á síðasta ári.

Sextándu ÍMARK-verðlaunin voru veitt í gær. Icelandair stendur fremst íslenskra fyrirtækja í markaðssetningu og Björn og Disa í World Class eru klárustu markaðsmenn landsins í dag að mati félagsmanna íMARK.

Össur birtir ársfjórðungsuppgjör á mánuðaginn. Spár greiningardeilda bankanna um hagnað félagsins á þriðja ársfjórðungi eru að bilinu 337 til 357 milljónir króna.

Kaupþing slær
Íslands met

Hagnaður fyrstu níu mánuðina er meiri en áður hefur þekkt. Gengishagnaður af Existu met-hagnað bankans á þriðja ársfjórðungi.

Kaupþing hagnaðist um 67,2 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er nærrí tvöföldum frá sama tíma í fyrra. Allt árið í fyrra hagnaðist bankinn um 49,3 milljarða króna. Hagnaður bankans á þriðja ársfjórðungi einum nam 35,4 milljörðum króna og jókst um 265 prósent á milli ára.

Arðsemi eigin fjár það sem af er ári er 47,2 prósent á ársgrundvelli, riflega 47 prósentu arðsemi borið saman við 32,3 prósent í fyrra.

Par með hefur Kaupþing skilað mestum hagnaði íslensks fyrirtækis á einu ári og slegið hagnaðarmet í Kauphöll á einum ársfjórðungi. Fyrra metið átti Existu en það síðara Burðarás.

Helstu skýringin fyrir þessari góðu afkomu bankans á þriðja ársfjórðungi liggar í sólu á eignarhlut í Existu og skráningu þess félags á markaði í september. Nam gengishagnaður á þriðja ársfjórðungi 37,3 milljörðum króna, sem er 681 prósent meira talið frá sama tíma í fyrra, en gengishagnaður af Existu var 26 milljörðar.

Rekstrartekjur Kaupþings fyrstu níu mánuðina voru 126 milljarðar króna og jukust því um 82 prósent. Þær námu tæpum sextu milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi einum. Þegar þriðji ársfjórðungur er borinn saman við annan ársfjórðungur sést samdráttur í hreinum vaxtatekjur vegna minni verðbólgu en einnig dragast

þóknunartekjur saman. Tekjur af verðbréfastarfsemi aukast hins vegar verulega, eins og áður sagði. Heildargjöld voru 13,8 milljarðar á þriðja ársfjórðungi og gerist það í fyrsta skipti um langa hríð að þau dragast saman á milli samliggjandi ársfjórðunga. Kostnaðarhlutfall var lágt, um 32,6 prósent.

Heildareignir Kaupþings voru í lok september komnar í 3.663 milljarða króna og höfðu vaxið um 44 prósent frá byrjun árs. Eigið félagsbankans stóð á sama tíma í 267,7 milljörðum króna en hefur síðar lækkað þar sem bankinn greiddi út aukað í formi hlutabréfa í Existu. Eiginfjárlutfall (CAD) var 14,1 prósent í lok september samanborið við 12,2 prósent í byrjun árs.

Stjórnendur bankans hafa unnið að því hörðum höndum að dreifa fjármögnun bankans á síðustu vikum meðal annars með útgáfu skuldbréfa á nýjum mörkum, í Bandaríkjunum og Japan.

eggert@frettabladið.is

Krónan veiktist í gær

Krónan lækkaði um 2 prósent í 25,3 milljarða króna viðskiptum í gær. Edda Rós Karlssdóttir, forstóðumaður greiningardeilda Landsbankans, segir betta talverða lækkan en innan marka.

Edda segir gengið hafa verið sterkt undanfarið og líklegt sé að fjárfestar hafi selt krónur og tekið út hagnað. Það geti orðrómur haft

- jab



SIMPLY CLEVER

Afl og hagkvæmni sameinast

TDI

Tæknundið TDI® dísilvél eyðir aðeins **4,9** lítrum

HVÍTA HÚSIEB / SIA - 7598



SkodaOctavia

Skoda Octavia með 1,9 lítra TDI® dísilvél afsannar að afl og hagkvæmni fari ekki saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia TDI® einnig fáanleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskaflar eða hátt eldsneytisverð, þá eru í toppmálum á Skoda Octavia TDI®.





GullnaStýrið

Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrimssyni, ritstjóra FÍB-blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringvegginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.





NÓATÚN




Bestir í kjöti

NÓATÚN

i 40 ár

25%

afsláttur



Kertaljós og kræsingar!



Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN



VATNSMELÓNA
99 kr. kg



KONFEKT EPLI
169 kr. pk.



HINDBER
399 kr. pk.



PAPRIKA
349 kr. kg



RAUÐ VÍNBER
399 kr. kg



5 á dag

Verði ykkur að góðu!

Hagnaður eins banka nemur heildarverðmæti sjávarafla.

Hættturnar og hagsmunir breytast

HAFLIDI HELGASON SKRIFAR

Ef fer sem horfir verður árið 2006 methagnaðarár fyrirtækja í Kauphöll Íslands. Fyrstu uppgjör síðasta ársfjórðungs líta nú dagsins ljós.

Hagnaðartölur sem nú birtast eru utan skynsviðs venjulegs fólks. Hagnaður Kaupþings banka eins nemur rúmum 67 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins sem er nánast sama fjárhæð og aflaverðmæti allra íslenskra skipa á síðasta ári.

Nú skal því halldið til haga að þessi góða afkoma stafar að hluta til af uppskeru sem sáð var til þegar farsælt ferðalag Kaupþings og Bakkavarar hófst fyrir áratug eða svo. Engu að síður er fjármálageirinn kominn upp fyrir sjávarútveg sem hlutfall af landsframleiðslu og sívaxandi hluti greinarinnar flokkast sem útflutningstekjur.

Þetta er veruleiki sem horfa verður til þegar rýnt er í hagsmuni samfélagsins. Í pólitískri umræðu er tilhneiting til að gleyma að á skömmum tíma hefur samsetning verðmætasköpunar þjóðarinnar gjörþreyst. Slíkt kallað á að ýmislegt sem talið hefur verið til sjálfsagðra sanninda verði tekið til skoðunar.

Nefnd um Ísland sem fjármálamáiðstöð var sett á laggirnar af Halldóri Ásgrímssyni. Það var skynsamleg ráðstöfun og niðurstaða nefndarinnar var lögð fyrir ríkisstjórnina í gær. Þar er að finna tillögur sem eru innlegg í umræðu um framtíðarhagsmuni þjóðarinnar.

Enda bótt sjávarútvegur verði ein mikilvægasta atvinnugrein okkar enn um sinn, bá er síminnandi hlutur hennar í verðmætasköpun þjóðarinnar. Taka verður tillit til greinarinnar þegar framtíðin er mótuð. Eins og umræðan hefur verið er hins vegar stundum látið eins og hagsmunir sjávarútvegs skipti þjóðina máli. Hagsmunina þarf til framtíðar að skoda í viðara ljósi, ekki síst þegar horft er til nauðsynlegrar umræðu um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu og upptökum evru.

Þegar framtíðartækifæri okkar eru annars vegar eru ógörnirnar sjaldnast langt undan. Eftir því sem umsvif íslenskra fyrirtækja verða meiri erlendis því meiri hætta er á að reynt verði að koma höggi á hagsmuni fyrirtækjanna. Slíkt var reynt á fyrri hluta ársins og það verður reynt á ný. Fjármálfyrirtækjarnar og Viðskiptaráð brugðust við bíónum í erlendri umfjöllun, en von er á meiru og því ljóst að stjórnvöld þurfa líka að leggja niður fyrir sér hvernig að taka á dylgjum og sögusögnum og hvort ekki sé tilefni til að mæta slíku af hörku. Slík umfjöllun er stundum sprottin af vanbekkingu, stundum af illvilja og fordóum og oft ekki síður af því að einhverjur telja hagsmunum sínum ógnað.

FRÉTTABLAÐID

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson. ABSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Andris Þorgeirsðóttir, Sigríður Björk Tómasdóttir og Trausti Hallfíðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvín Guðmundsson og Páll Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu. Akureyri og þéttbyggðsvæðum á suðvesturhornum. Únnig er fægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbýggðinni. Fréttablaðið óskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabónum án endurgjalds.

issn 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐID

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bleikir steinar

Fjölmíðlar eiga ýmislegt óunnið í jafnréttismálum á fjölmíðlum eins og fram kom á fundi Femínistafélagsins með fulltrúum fjölmíðla í gaermorgun. Karlmann er í meirihluta á ritstjórum og fréttastofunum auk þess að vera æðstu stjórnendur allra fjölmíðla, þar með talið hér á Fréttablaðinu. Femínistafélagið afhenti fulltrúum fjölmíðla á Íslandi bleika steina í sumar með hvatningarordum um að gera betur í jafnréttismálum og óllum framsöguðum mátti heyra að viljinn til að gera betur er til staðar. Enginn fjölmíðill er þó tilbúinn til að fá fulltrúa Femínistafélagsins sem gestarstjóra á ritstjórum eins og Katrín Anna Guðmundsdóttir, for-

maður félagsins, stakk upp á – enda ekki stundað á íslenskum fjölmíðlum að láta utanaðkomandi ritstýra efni fjölmíðla.

Börn í baráttu

Fjölskyldupólítik verður æ meira áberandi í íslenskum stjórnámum um þessar mundir. Gestur Svaravsson gaf í gær kost á sér í forvali Vinstri grænna í Suðvestur- og Reykjavíkurkjördænum. Gestur er sonur Svaravars Gestssonar, sendiherra og alþingismanns til margra ára. Hann er einnig bróðir Svanísar Svaravarsdóttur sem nú er borgarfulltrúi í Reykjavík. Guðmundur Steingrímsson Hermannsson er einnig í frambóði en fyrir Samfylkinguna. Þar er líka í frambóði Glúmur Baldvinsson, sonur Jóns Baldvins Hannibalssonar.

Prófkjörsæsingur

Athyglan beinist þó ekki að þessum ættstóru kandíðötum í dag. Kosið verður í prófkjöri Sjálfstæðisflokkins eins og varla hefur farið framhá neinum sem fylgist með fjölmíðlum. Hlutur kvenna í þeim góða flokki hefur verið mjög til umræðu og eflaust margir spenntir að sjá hvernig konur raðast á listann. Þingkonan Ásta Möller og nyliðarnir Guðfinna Bjarnadóttir og Sigríður Andersen eiga allar möguleika á að vera meðal tju efstu. Jafréttissinnar vonast eflaust til þess að enn fleiri konur verði á meðal þeirra tju efstu, þó að ekki spá margin því að kynnahlutfallið verði jafnt.

sigríður@frettabladid.is



Prófkjör, persónur og leikendur



ELLERT B. SCHRAM
Í DAG | Votegetters

Um bessar mundir standa prófkosningar sem hæst. Kosið er í dag hjá sjálfstæðismönum í Reykjavík og samfylkingarfólk í Nordvestur kjördæmi. Mest hefur farið fyrir frambjóðendum sjálfstæðismanna í höfuðborginni. Risastórar auglýsingar þekja síður dagblaðanna og mér skilst að ekki sé flórafríður á sumum heimilum, vegna innhringinga og atkvæðasmölunar.

Margir eru þeirrar skoðunar að prófkjör séu óheppileg, að því leyti að ýmsir góðir og gegnir þjóðfélagshegnar, sem sannarlega ættu erindi á alþingi Íslendinga, treysta sér ekki í þennan „hanslag“. Hafa ekki peninga milli handanna, hafa ekki skara af stuðningsmönum til að lofsyngja bá og hafa ekki geði í sér til að falbjóða sig á þessum markaði. Ég man vel eftir því að þegar ég fór fyrst í prófkjör, unger maður og ákafur, var Olafur heittin Björnsson, prófessor í hagfræði og alþingismáður, sömuleiðis í frambóði. Því hefur stundum verið haldið fram að ég, óburðugur strákurinn, hafi fellt Olaf. Það gerði ég reyndar ekki nema óbeint, en hann komst ekki að frekari en tuttugu, þrjátíu aðrir, sem buðu sig fram. Nei, það sem fellið Olaf var að hann var ómannblindinn og líft til þess fallinn að blanda geði við hinn almenna borgara. Hann var nýrt maður í fræðunum og ómetanlegur í umræðum um efnahagsmál, en hann var ekki „votegeter“, og það var sem fellið hann, þegar prófkjörin skullu á. Með örðum örðum ekki við hvers manns dyr, ekki hvers manns viðhlæjandi.

Og þá er spurningin þessi: hvora manngerðina viljum við frekari? Manninn sem nýtur lýðhylli í krafti vinsælda út á við, éda hinn sem heldur sig til hlés og leggur sitt af mörkum inn á við?

Formaður Sjálfstæðisflokkins sá ástæðu til þess á dögunum að

taka upp hanskann fyrir Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra. Taldi að honum vegið af óprúttum andstæðingum flokksins. Enginn hefur lýst sök á hendur sér um þá aðför, enda engum andstæðingum Sjálfstæðisflokkins hugkvæmst að leggja stein í götu eins neins í þeim flokki, vegna innri baráttu á þeim bæ. Heiðarlegast hefði verið hjá formanninum að beina spjótum sínum að sinu eigin fólk, innan

Ég hef sem forystumaður í íþróttahreyfingu í þrjá áratugi, átt samneyti við fjöldann allan af menntamálaráðherrum. Björn var og er í hópi þeirra bestu, ef ekki sá besti.

Sjálfstæðisflokkins, sem sækir nú að Birni, bæði leynt og ljóst. Í raun og veru snýst þessi prófkjörsbaráttu sjálfstæðismanna nær eingöngu um það, í hvaða sæti Björn verður, þegar upp er staðið. Hitt er allt bordleggjandi. Þrír af þingmönnum flokksins sem kosnir voru síðast, eru ekki með, þrjú sæti hafa losnað og nokkuð ljóst hverjur verða kosnir í þeirra stað. Af kurteisisstæðum sleppi ég að telja upp nöfni þeirra.

En hvað Björn Bjarnason varðar, þá vitum við óll eða flest, að hann er ekki beinlínis maður vinsælda og lýðhylli, en á móti

Hver á að lifa vel og lengi?



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

UMRÆÐAN

Lífeyrissjóðir

Menntalandið Er gáfulegt að fjárfesta í menntun?

Sigríður Þorgeirs Þórssdóttir, dósent í heimspeki við Hi

KL. 12.00-12.45 Matur og umræður

Hádegisverður: Tómatúsúpa með ferskum parmesan-ost, „croutons“ og sýrðum rjóma / focaccia-samloka með skinku, osti og grænmeti / verona-samloka með laxi og agúru

Heilsulandið Getur Ísland verið lækningalind?

Ragnar Freyr Ingvarsson, læknir; Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins



Matvælalandið Erum við öll fiskar í sjónum?

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Hi

Fjármálarandið Er þjónusta þrója stoðin?

Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans



Ferðamannalandið Hvað græðum við á ferðapjónustu?

Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistarkona og leiðsögumaður

KL. 13.45-14.00 Kaffi

Ímynd Íslands Hvers virði er hún?

Sverrir Björnsson, framkvæmdastjóri hönnunarsviðs Hvítá hússins

Náttúrulandið Er hægt að njóta og nýta?

Póra Ellen Þórhallsdóttir, doktor í grasafræði við Hi



Íslandsgarðar Er hægt að nema land á ný?

Guðmundur Páll Ólafsson, rithöfundur

KL. 15.00 Samantekt og pallborðsumræður

Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður tekur saman niðurstöðu og stýrir pallborðsumræðum

Í pallborði sitja:

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðukona greiningardeilda Landsbankans
Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla
Baltasar Kormákur, leikstjóri



KL. 16.00 Ráðstefnuslit



SKRÁNING Á FRAMTÍDALANDID.IS



Aukahlutir líkamans

Jósmyndarinn Gunnar Svanberg lærði ljósmyndun í Barcelona en lagði síðan leið sína til Flórens til að læra grafíkska hönnun. Þar byrjaði hann að vinna fyrir blaðið Colors sem er mjög virt ljósmyndatímarit um allan heim. Eftir mastersnám í hönnun sem hann tók á methraða í Milánó hélt Gunnar aftur heim til Íslands og hefur nú tekið upp myndavélina á ný.

Nýjasta verkefnið hans heitir Aukahlutir eða „Human Spare Parts“ og hangir nú til sýningar í Pompidou-safninu í París þar sem verkin hafa vakið mikla athygli. Í þessari myndaseríu beinir Gunnar linsunni að fólk sem þarf á hinum svokölluðu aukahlutum að halda.

„Ég heillaðist að þeirri hugmynd að ef líkaminn klikkar eitt-hvað þá er bara hægt að skjótast út í búð og kaupa sér einn fót eða hendi. Tæknin er orðin svo mögnuð og langaði mig að fanga það á filmu,“ segir Gunnar Svanberg.

Myndirnar munu hanga uppi í Pompidou-safninu til 6.nóvember og eftir það munu þær eflaust birtast í Colors, en sýningin er haldin á vegum blaðsins. Gunnar finnst óparfi að útskýra myndirnar sérstaklega fyrir áhorfendum, og vill frekar leyfa þeim að tala sínu máli.

alfrun@frettabladid.is



VIÐ FELLSMÚLA

RAFVÖRU MARKAÐURINN

OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00

RAFMAGNSVERKFÆRI



Hvalur á hvers manns vörum

Pann 17. október sté Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra í ræðustól á alþingi og tilkynnti þingheimi að hann hefði ákveðið að atvinnuveiðar á hval yrðu hafnar á ný. Á sama tíma skreid Hvalur 9, gamalt en nýuppgert hvalveiðiskip Hvals hf., út úr Reykjavíkurhöfn með stefnu setta á Hvalfjörð. Eins og þjóðin öll hefur *Savar Hávarðsson* fylgst með atburðarásinni.

Fréttin um að Íslendingar hygðust hefja atvinnuveiðar eftir rúmlega tuttugu ára hlé för sem eldur í sinu um heimsbyggðina. Allir helstu fjölmörlar heims fjölluðu um málid daginn sem veiðileyfið var gefið, og síðan tók að berast gagnrýni málsmetandi stjórnálmanna og málsvara umhverfissamtaka úr öllum heimshornum. Hinn almenni borgari hefur líka haft sitt að segja og birttingarmynd þess er í anda tækniðamfélagsins sem við búum í. Bréf hafa borist ráðuneytum, sendiráðum og fjölmörlum í tugþúsunda vís. Skilaboðin hafa

verið á einn veg að heitið getur. Ákvörðunin og veiðarnar eru forðað og ljóst að mörgum er ofboðið. Raddir þeirra sem styðja hvalveiðar eru ekki eins háværar og sumir þeirra vilja meina að þar fari hinn þögli meirihluti.

Þremur sólarhringum eftir að stjórnvöld gáfu leyfi sitt bárust þær fréttir að Hvalur 9 hefði náð að veiða sína fyrstu langreyði. Daginn eftir, þegar myndir birtust af löndum og verkun fyrsta hvalsins, reis mótmælaðan að nýju af hálfa meiri krafti en í fyrstu, og viðbúið að skoðanaskiptin séu rétt að hefjast.



HVALVEIÐAR ÁRIÐ 2005

Japan	1.233 dýr	5 búrhvalir, 100 sandreyðar, 50 skorureyðar og 1.078 hrefnur
Noregur	647 dýr	647 hrefnur
Grænland	193 dýr	13 langreyðar, 180 hrefnur
Rússland	126 dýr	124 sandlægjur og 2 norðhvalir
Bandaríkin	68 dýr	68 norðhvalir
Kandada	1 dýr	1 hnúfubakur

CARLOS M. GUTIERREZ

Viðskiptaráðherra Bandaríkjanna

„Ákvörðunin veldur vonbrigðum og íslendingar steina í rangi átt í málunum. Íslendingar tilja sig óbundna af hvalveiðibanni alþjóða hvalveiðisátmálanum. Við mótmælum því.“



KARSTEN KLEPSVIK

Sendifulltrúi Noregs hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu

„Það eru miög góðar Íslandur fyrir því að hefja veiðar á ný.“



ANDREAS CARLGREN

Umhverfisráðherra Svíþjóðar

„Framganga Íslands er algjörlega ósættanleg og ógrun við öll lönd sem vilja byggja upp hvalstofnun í útrýmingarhaetu innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.“



RUNE FRØVIK

Leiðtogi Norðurheims-skautssamtakanna

„Þetta er skref í rétta átt. Það er gott að tvær þjóðir skuli nú heimila hvalveiðar í atvinnu-skyni.“



JOTH SINGHAL

Pjöðadýrarerndunar-sjóðurinn

„Hvalveiðar eru grimmdegregar og óþarf.“



HELGE PEDERSEN

Sjávarútvegsráðherra Noregs

„Þetta eru góð tiðindi. Íslendingar hafa vistfræðilegar forsetar fyrir því að hefja hvalveiðar að nýju og hinn visindalegi þáttur málsins er alveg skýrt þeð en ánaðugulegt að önnur þóð en við sýnum ábyrga umgengni um að hafnar hafins á þennan hátt.“



ALP MEHMET

Sendiherra Bretlands á Íslandi

„Eins og við höfum sagt erum við á móti hvalveiðum, Bretland er eitt þeirra landa sem hefur staðfest lega hafrað öllum hugmyndum um að nauðsynlegt sé að veiða hvil, hvort sem er í atvinnuskyni eða undir fyrirkrift visindaveiða. Við höfum alitaf sagt að við bregðumst við þessu sem vinir, ekki óvinir, en við getum ekki skilið af hverju það er nauðsynlegt að veiða hval, það er ekki rökneft ákvörðun söð veiða 30 hrefnur og 9 langreyðar, og fulli, sem hefur skoðanir að þessu, standur ekki á sama.“



FUMIKO SAIGA

Sendiherra Japans á Íslandi

„Það hvaljuð sem fellur til að visindaveiðum Japana er meira en nóg til að anna innlendri eftirspurn. Mér byrjar leitt að segja það en Japanar eru ekki i aðstoð til að flytja inn hvalaskónum eða nokkrum öðru landi. Við eiga í vandræðum með að neyta alls þessa hvalkjots.“



FRODE PLEYM

Talsmaður Grænfríðunga

„Íslendingar hafa engan markað fyrir hvalkjöt, en þeir hafa feikistóran og verðmáttan markað fyrir hvalaskónunarferðir. Í stað þess að veðja á eins manns herferð fyrir því að blása lífi í örleita og þarflausu atvinnugrein, sem getur aðeins valdið þjóðinni ólitshnekkri út um allan heim, aettu íslendingar að fara sér vasandi áhuga á hvalaskónum í nyt. Þetta brytur augljóslega í bága við markmið hvalveiðibannsins.“



BEN BRADSHAW

Sjávarútvegsráðherra Bretlands

„Við teljum þetta brot á alþjóðlegum samþykktum á vettvangi Alþjóða hvalveiðiráðsins. Við skiljum ekki ástaðurnar sem ligga nának. Ákvörðunum um hvalveiðar hefur valdið afar mikilli reiði meðal fólkis, ekki bara á Bretlandi, heldur um allan heim. Þá trúi ekki að Íslendingar séu svo barnalegir að þeir ímyndi sér að ákvörðun um að hefja atvinnuhvalveiðar muni ekki hafa áhrif í tvíhlíða samskipti þjóðanna.“



IAN CAMPBELL

Umhverfisráðherra Ástralíu

„Ísland sýair umheiminum fyrirlitningu með því að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni. Þeir eru í raun að gefa heiminum fingurinn. Um er að ræða sorg ardag fyrir heiminn þegar fyrsta heimsriku, þróð land eins og Ísland, eyðileggur eftir af mestu afrekum umhverfissinna á síðustu öld, sem var hvalveiðibannið. Þeg held að þetta muni veikja upp efasemdir um heim allan um stefnu Íslands í umhverfismálum.“



EUGENE LAPONTE

Forseti IWMC World Conversation Trust

„Andstæðingar halda því fram að það sé ekki nægileg eftirsprung eftir hvalkjöti. Ef þeir hafa rétt fyrir sér hvernig geta þeir þá haft áhyggjur af ofveiði hvala? Ísland mun veiða svo litinn hluta hvalstofnanna að meðal hljóta að vera með óráði ef þeir halda því fram að veiðarnar hafi langtímaáhrif á stofnana.“



PAUL WATSON

Forseti og stofnandi Sea Shepherd

„Þið eruð Norður-Kórea hvalveiðipjöða sem sýna almenningsálfu alls heimsins fyrirlitningu og hefð að engu regluverk alþjóðalagala. Það sem Ísland er að gera er glæpur og við æstum okkur að senda tvö skip til Íslands næsta sumar til að hindra atvinnuhvalveiðarnar.“



CHRIS CARTER

Ráðherra Nýsjálendingu sem fer með verndunar-máli

„Ákvörðun Íslendinga veldur miklu vonbrigðum. Nýsjálendingu munu gera íslenskum stjórnvöldum það liðst að við munum mótmæla atvinnuhvalveiðum króftuglega og veru þeim í Alþjóðahvalveiðiráðinu.“



ÍSLANDSMÓT 2006

ICE FITNESS

Laugardalshöll

Laugardagskvöld 28. október kl 20.00

Hljómsveitin Skítamóral keyrir upp stuðið af sinni alkunnu snilld á meðan mótið er

Kraftfimleikar frá Gerplu
Happdrætti - Heilsuakademían

Kynnir: Svali

Miðaverð 2000 kr. 500 fyrir 12 ára og yngri

EKKI missa af hraustustu og flottustu kroppum landsins takast á

Skýr

www.icefitness.is

Skýr

FLOTTIR KROPPAR

MIKILL HRAÐI

FRÁBÆR HLJÓMSVEIT

MÖGNUÐ STEMMNING

Fitness stórdansleikur með
Skítamóral á NASA síðar um kvöldið

Andrés Guðmundsson • www.icefitness.is • icefitness@icefitness.is • Gsm 6631111

Raunir Hitlers unga

„Pú ert lélegur leikari, Hitler, þú ættir frekar að einbeita þér að stjórnálum.“ Eitthvað á þessa leið segir gyðingurinn Slómó við hinn misheppnaða listmálara Adolf í leikritinu *Mein Kampf*, sem nú er sýnt á fjöldum Borgarleikhússins. Verkið er blessunarlega ekki byggt á samnefndri bók, sem þykir æði endurtekningarsöm, heldur er eftir ungverska leikskáldið George Tabori og fjallar hálft í öðru um listmannsár Hitlers í Vín á árunum fyrir fyrrí heimsstyrjöld. Tabori þessi er ekki fyrsti maðurinn til að sviðssetja líf Hitlers, né heldur eru allir á sama máli um leikhæfileika Hitlers. *Valur Gunnarsson* fer yfir sögu Hitlers á hvíta tjaldinu og á leikfjölunum.

Fyrsta kvíkmyndin sem var gerð um Hitler var *Sigur viljans* eftir Leni Riefenstahl frá árinu 1935, þar sem Hitler sjálfur fer með aðalhlutverk á samkomu nasa-ista í Nuremberg. Í nokkurs konar óbeinu framhaldi, *Olympíu* frá árinu 1938, hvetur foringinn sína menn áfram á *Olympíuleikunum* í Berlín tveimur árum áður.

Vegna frammiðstöðu hans í þessum kvíkmyndun en bó fyrst og fremst vegna ræðuhæfileika hans á svíðinu sagði Charlie Chaplin að Hitler væri einhver besti leikari sem hann hefði séð, enda þarf ekki líttin sannfæringsarkraft til að sannfæra heila þjóð um að allir skuli vera hávaxnir og ljós-hærðir þegar maður sjálfur er líttill, dökkhærður og bybbinn (Hitler bætti duglega á sig í Landesberg-fangelsinu, þar sem hann borðaði rjómabollur og ritði áðurnefnda bók, *Mein Kampf*).

Einræðisherrann mikli

Chaplin var þó minna hrifinn af Hitler sem stjórnálamaðurinn og árið 1938 réðist hann í gerð stórvirkisins „The Great Dictator“, þar sem hann sjálfur fer með hlutverk einræðisherrans Adenoid Hynkel. Stóru kvíkmyndaverin höfðu áhyggjur af því að myndinni myndi verða dræmlega tekið á hinum mikilvæga Þýskalandsmarkaði, og fór það því svo að Chaplin sjálfur fjármagnaði gerð hennar. Tökur myndarinnar tóku næstum tvö ár og sendi Roosevelt Bandaríkjaforseti Chaplin bréf þar sem hann hvatt hann áfram þegar flestir aðrir höfðu snúið við honum baki. Ætlun Chaplins var að vara við ógninni sem stafaði af Hitler, en þegar kvíkmyndin var loks frumsýnd árið 1940 hafði Hitler þegar lagt undir sig París og ógnin því orðin flestum ljós. „Einræðisherrann“ varð vinsælasta mynd Chaplins frá upphafi þrátt fyrir að vera bönnuð í flestum löndum á meginlandi Evrópu. Hitler sá hana tvívar og segja aðstoðarmenn hans að hann hafi skemmt sér vel, þó ekki hafi hann leyft almennar sýningar á myndinni.

Myndin telst enn meðal heldri verka kvíkmyndalistarinnar, en hafði ekki teljandi áhrif á seinni heimsstyrjöldina aðra en þau að skemmta Hitler eins og eina eða tvær kvöldstundir.

Síðustu dagarnir

Endalok Hitlers eru vinsælt efni, eins og metslöubók Anthony Beevor, *Fall Berlínar*, er til vitnis um, nú nýútkomin á íslensku. Síðustu dagarnir í lífi Hitlers hafa oft verið kvíkmyndaðir, Alec Guinness lék hann í myndinni Hitler: The Last Ten Days, frá 1973, meðan Anthony Hopkins lék hann í sjónvarpsmyndinni The Bunker árið 1981. Móðir allra mynda um síðustu daga Hitlers er vafalaust hin þýska Der Untergang, þar sem Bruno Ganz (annar englanna úr Der Himmel Über Berlin) leikur foringjann. Flestar myndir um síðustu daga Hitlers eiga það sameiginlegt að vera byggðar á verkum sagnfræðinga, Last Ten Days byggir á Hugh



HREINRÆKTAÐ SKÁLDVERK Leikritið Mein Kampf í Borgarleikhúsini.

Trevor Roper, fyrsta sagnfræðiritinu um endalokin, The Bunker byggir á samnefndri bók James O. Donnell og Der Untergang er byggð á bók Joachim Fest um lífið í byrginu. Einnig hafa æviminningar einkaritara Hitlers, Traudl Junge, haft áhrif á kvíkmyndargerðarmenn.

Hitler og Frú dauði

Þegar kemur að fyrstu árum Hitlers hafa menn hins vegar gefið ímyndunaraflinu lausan tauminn, enda minna vitað fyrir víst um líf Hitlers þá. Leikritið Mein Kampf er hreinræktað skáldverk, aðrar persónur en Hitler eru ekki sannsögulegar, svo sem gyðingurinn Slómó og Frú Dauði.

Kvíkmyndin Max gerist á mannuðunum rétt eftir fyrrí heimsstyrjöld. John Cusack leikur listaverkasalann og gyðinginn Max Rothmann sem misst hefur aðra hendi, og þar með listamannsferilinn, í stríðinu. En með hjálp þekkingar sinnar

Stjórnmal eða list

„Hitler, þú ert maður sem erfitt er að vera vel við, en ég ætla að reyna,“ segir Max við hann í eftirminnilegu atriði. Hitler er hér mikill leiðindagaur, drekkur hvorki áfengi né kaffi og reykir ekki (Porgrímur Práins-son mætir Gengis Khan), sem er sögunni samkvæmt.

Max Rothman sjálfur er hins vegar ekki sannsögulegur karakter, en kjarni myndarinnar er sannur; aumkunarverðar tilraunir Hitlers til að öðlast vinsældir sem ganga meira að segja svo langt að hann sprýr Max eftirvæntingarfullur hvernig honum hafi fundist ræða hans gegn gyðingum. Og hið hrikalega lokaatriði þar sem hann þarf að velja á milli listarinnar og stjórnálanna. En þá er svo komið að æstur mágurinn, tendraður af ræðum Hitlers, ræðst á Max og gerir þar með útfat við listaferil Hitlers sjálfss.

Skoskur Hitler

Önnur mynd sem fjallar um upphafsár Hitlers er sjónvarpsmyndin Hitler: The Rise of Evil, þar sem hann er leikinn af Skotanum Robert Carlyle. Í forgrunni er samband Hitlers við Ernst Hanfstaengl, útgefanda listaverkabóka, sem átti stóran þátt í að

djofli í mannsmynd, hann er sýndur berja hund þrátt fyrir að í raun hafi hann verið mikill dýravinur. Þessi einhliða lýsing gerir Hitler óskiljanlegan sem persónu og stendur hún því myndum eins og Max og Der Untergang langt að baki. Glæpaverk Hitlers eru nógum mörg fyrir, óparfi er að skálda fleiri.

Hitler í Brasíliu

Hitler hefur einnig komið fyrir í ýmsum öðrum myndum sem gera ekki tilkall til sannsöguleika. Í myndinni The Boys from Brazil frá 1978 reynir dr. Mengele að einrækta Hitler í frumskógum Suður-Ameríku. Í myndinni The Producers, sem varð seinna að söngleik, reyna tveir leikhússtjórar að setja á svíð söngleikinn Springtime for Hitler. Að hinn böginn er þýska myndin Schtonk frá 1992 sannsöguleg gamanmynd sem fjallar um falsanir dagbóka Hitlers, en titillinn er vísin í ræðu Chaplins í Einræðisherrannum.

Helstu áhrif Hitlers á kvíkmyndasöguna voru þó önnur og verri. Áður en hann komst til valda hafði þýska kvíkmyndaríðaðurinn keppt við þann bandaríksa næstum á jafnréttisgrundvelli. Eftir



„HITLER, PÚ ERT MAÐUR SEM ER ERFITT AÐ VERA VEL VIÐ EN ÉG ÆTLA AÐ REYNA.“ Kvíkmyndin Max fjallar um upphafsár Hitlers.



MÓÐIR ALLRA MYNDA UM SÍÐUSTU DAGA HITLERS: Bruno Ganz í hlutverki Hitlers í Der Untergang.

valdatökuna fluttu flestir af hæfustu leikstjórunum, svo sem Fritz Lang, til Hollywood, meðan ritskoðunin þaggði niður í öðrum. Þýskaland hefur aldrei síðan endurheimt stöðu sína í kvíkmyndagerð, né heldur hefur neinu Evrópuríki síðan tekist að keppa við Hollywood hvað vinsældir varðar. ■

Annars er allt gert til að gera Hitler að



HÚSGAGNAVERSLUN



William

Pýsk hágæða borstofuhúsgögn

Borðstofuborð: B:140 H:75 D:90sm. + 2x45 sm. st. Verð: 59.800,-
Borðstofuborð: B:180 H:75 D:90sm. + 2x45 sm. st. Verð: 69.800,-
Glerskápur 2ja dyra: B:112 H:203 D:45sm. Verð: 139.800,-

Glerskápur 3ja dyra: B:165 H:203 D:45sm. Verð: 199.800,-
Skápur m. viðarhurðum: B:112 H:141 D:45sm. Verð: 109.800,-
Stóll: Verð: 19.500,- / Stóll m. örmum: Verð: 23.500,-



mod: 3032
3+1+1: 269.800,- / Leður, hvítt og svart.



mod: 3053
3+1+1: 179.900,- / Leður, hvítt og svart.



mod: 601
3+1+1: 249.800,- / Leður, hvítt og svart.



mod: 625
Hornsófi: 229.900,- / Leður, hvítt og svart.

Kosningaskjálftinn er hafinn

Morðalda hefur verið í Rússlandi. Blaðakonan fræga, Anna Politkovskaja, hefur verið myrt og þar að auki tveir til þrír bankamenn. Forsetakosningar verða eftir eitt og hálftr ár og kosningaskjálftinn er byrjaður. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* ræddi við **Hauk Hauksson**, fréttaritara RÚV í Rússlandi.

Hrjár vikur eru liðnar síðan blaðakonan Anna Politkovskaja var myrt í Rússlandi. Hún hafði verið að vinna að greinar-skrifum um ástandið í Tsétséníu, þar sem Rússar reyna að halda niðri aðskilnaðarsinnum. Það er þó ekki bara í Tsétséníu sem ástandið er eldfimt. Rússar hafa nú sett viðskipta- og hafnbann á hið sjálfstæða ríki Georgíu, þar sem þeir eru ekki sáttir við vin-skap Georgiubúa við Bandaríkin.

Blaðakonan var myrt eftir að hafa gagnrýnt valdhafa mjög mikið, meðal annars út af fram-göngu Rússa í Tsétséníu. Það veit enginn hvers vegna en það eru ýmsar getgátt uppi, til dæmis um KGB, eða FSB eins og það heit-ir núna, og að Pútín forseti hafi látið taka hana úr umferð. Valdhafar halda því sjálfir fram að erlend öfl reyni að koma á óróa innanlands og veikja stóðu Rússlands sem réttarríki á alþjóða-vettvangi. Priðja kenningin er svo að glæpagengi séu að reyna að rugga bátnum,“ segir Haukur Hauksson, fréttaritari RÚV í Moskvu.

Morð á morð ofan

Forsetakosningar eru í Rússlandi eftir tvö ár og margir vilja koma sínu fólk að. Haukur segir að kosningaskjálftin sé byrjaður, það lýsi sér meðal annars í því að Anna Politkovskaja hafi verið myrt á afmælisdag Pútíns og morðum á bankamönnunum, þar á meðal morði á háttsettum manni úr seðlabanka Rússlands. Talið er að þar hafi mafnihagsmunir verið að verki. Haukur telur vel hugsan-legt að þetta sé upphaf morðöldu og blaðamenn verði ekki síst fyrir barðinu á henni.

„Það er ekkert ólíklegt að ný bylgja sé að fara af stað, hvort sem það er FSB eða einhver öfl sem reyna að stuðla að ótta og hryðjuverkum í landinu. Opinbera útgáfan er suð að það sé verið að byggja hér réttarríki, hér gildi lög og reglur, en einhverjir telja sig hafa hag að rugga bátnum, kippa út fólk, drepa fræga blaðamenn og mannréttindafrömuði.“

Þreingingar steðja að alþjóðlegum samtökum sem starfa í Rússlandi en stjórnvöld krefja þau nú um endurskrásetningu, þau purfi að fá endurnýjað starfsverfi. Aðeins fáum þeirra hefur tekist að ljúka því ferli enn sem komið er.

„Petta er gert til að gera þeim erfiðara fyrir. Fjármagn flæðir til banka í Sviss, Liechtenstein, Ísrael og á Cayman-eyjunum svo að meint peningaflæði í gegnum svona samtök getur haft áhrif. Þessi samtök hafa líka hagsmuni af pólitísku starfi og styrkja stjórnarandstöðuna. Það er ekki

vinsælt hjá Pútín og félögum og þess vegna er þeim gert erfiðara fyrir. Það er líka talið að erlendar leyniþjónustur hafi sterka stöðu í landinu í gegnum samtök af þessu tagi.“

Hinir horfa á sápuóperur

Efnahagsástandið er stöðugt og hagvöxturinn um sjö prósent, sem er mjög hátt og mun hærra en á Vesturlöndum. Rússar eru annað mesta útflutningsríki heims á eftir Sádi-Arabíu hvað olíu og gas varðar. Olíuverð er hátt, um áttatíu dollarar tunnan þegar þetta er skrifð. Það eru hins vegar tvær þjóðir sem búa í landinu, örsmári hópur sem heldur utan um allan gróðann og svo hinir fjölmörgu bláfáteku. „Petta er hinn villt kapitalismi í sinni grimmstu mynd,“ segir Haukur.

Kommúnistaflokkurinn er ekkert fjöldafl lengur og engin sterkt pólitísk baráttá á bak við tjöldin. Þetta er breyting frá því sem var fyrir átta til tíu árum þegar pólitískt litróf var mikið. „Nú eru það bara þeir ríki sem græða og græða og hinir að horfa á sápuóperur í sjónvarpinu. Það er engin pólitísk umræða í landinu. Pútín er leiðtogi fólkssins en stjórnar-andstaðan er ekki sterkt og hægri-menn eru í molum. Ungu bankamennirnir eru alveg búin að tapa sinni pólitísku vitund,“ segir Haukur.

Vill henda út Rússum

Togstreitan milli Grúsíu, sem oftast er kölluð Georgía hér á landi, og Rússlands hefur verið talsvert í fréttum. Haukur segir að Mikhail Svaakashvili, forseti Grúsíu, sé mikill vinur og aðdáandi Bandaríkjanna enda hafi breiðstræti frá flugvellinum inn í Tbilisi fengið nafnið George Bush stræti. Bush hafi styrkt tsétsénska skæruliða í stríðinu við Rússu, þeir hafi fengið vatn og vistir Grúsíumegin við landamærin.

„Svaakashvili vill henda út Rússum. Og Rússar hafa brugðist æstir við og lokað landamaðurum og hætt öllum póstsendingum barna á milli. Þeir hafa beitt Grúsíumenn efnahagsþvingunum en í Grúsíu er framleitt vín, mandarínur, rósir og ölkelduvatn. Efnahag-urinn er í skelfilegu ástandi og mikið glæpaðast.“

Rússar leika tveimur skjöldum, að mati Hauks. Þeir hafa alltaf greitt atkvæði gegn efnahagsþvingunum og hafnbanni á aðrar þjóðir á alþjóðavettvangi en beita svo sömu aðferðum á Grúsíu, nágrannapjóð sína í suðri. „Grúsíumenn vilja ekki vera vinir Rússar lengur og bá reyna Rússarnir að svelta þá og gefa öðrum þjóðum í Mið-Asíu og Kákasuslöndunum viðvörum og sýna fram á að hart sé tekið á því ef viðskiptum er hætt



HAUKUR HAUSSON

Vígreibir Grúsíumenn

Aðskilnaðarsinnar í norðurhluta Georgíu, eða Grúsíu hafa hallað sér að Rússum meðan Mikhail Svaakashvili, forseti Grúsíu, er ákafur stuðningsmaður Bandaríkjanna og vill reka Rússu úr landinu. „Petta er pólitísk púðurtunna ef eitthvað gerist. Petta fólk er vígreibit eins og vikingar á sturlungaöld,“ segir Haukur Hauksson, fréttaritari Ríkisútvarpsins í Moskvu. „Ef eitthvað gerist getur allt farið í bál og brand á stuttum tíma.“ Hann segir einnig að það sé olían í Kaspíahafi sem geri það að verkum að Bandaríkjumenn líti svo á að þeir séu að gæta eigin þjóðarhagsmuna í Grúsíu.



VLADIMÍR PÚTÍN

”

Nú eru það bara þeir ríku sem græða og græða og hinir að horfa á sápuóperur í sjónvarpinu. Það er engin pólitísk umræða í landinu.

og þjóðir hlaupa yfir til Kanans. Ég held að þetta sé ákveðin sálfræði. Rússarnir eru að reyna að sýna sinn efnahagslega mátt. Öfgamenn vildu ráðast inn í Grúsíu og hefja loftáras sem er fáránlegt því það hefði allt farið í hund og kött. Sem betur fer náðu aðrar raddir yfirhöndinni.“

Vilja keyra í móslímana

Haukur rifjar upp að hallarbylting hafi átt sér stað í Grúsíu fyrir fimm til sex árum þegar Svaakashvili kom Shevardnadse forseta frá völdum með aðstoð CIA. Í norðurhluta Grúsíu eru lýðveldin Abkhaazia og Suður-Ossetía sem móslímar byggja. Níutíu prósent íbúa eru með rússneskt vegabréf og vilja tilheyra Rússlandi, ekki Grúsíu. Forseti og varnarmálaráðherra Grúsíu vilja „keyra í móslímana, afvopna þá og brjóta niður alla aðskilnaðarstefnu,“ segir Haukur.

„Þeir vilja kæfa þetta í fæðingu og brjóta á bak aftur sem væri brjálæði og því að þa færi allt í bál og brand í Kák-

sufjöllum,“ segir hann og bendir að um hundrað og tuttugu þjóðir búi á þessu landsvæði. Flóran sé fjölbreytt, þjóðir, trúarbrögð og tungumál á svæði sem er svipað og Frakkland að stærð, um 500 þúsund ferklómetrar.

„Petta er pólitísk púðurtunna ef eitthvað gerist. Petta fólk er vígreibit eins og vikingar á sturlungaöld og mikilr kappar. Ef eitthvað gerist getur allt farið í bál og brand á stuttum tíma,“ segir Haukur og bendir að blóðhefnd sé daglegt brauð.

„Pó að allt sé tiltölulega rólegt nána þá eru menn blóðheitir og Rússar styðja aðskilnaðarsinna í Grúsíu leynt og ljóst, ekki síst út af hatri og óvináttu sem ríkir milli Moskvu og Tbilisi. Olían í Kaspíahafi gerir það að verkum að Bandaríkjumenn telja sig gæta eigin þjóðarhagsmuna í Grúsíu.

Þeir vilja að olían fari frá Aserbajdsjan gegnum Grúsíu til Tyrklands. Meðan bandarískir hernaðarráðgjafar ganga um götur í fullum skrúða í Tbilisi styðja Rússarnir aðskilnaðarsinnana.“■

**SÍÐASTA
HELGIN!!!**

JÓLAÚTSÖLU MARKAÐUR



50 - 90%
AFSLÁTTUR

Nú fer hver að verða síðastur til að næla sér í
vandað jólaskraut á hlægilegu verði. Hó! Hó! Hó...
Yfir 100 gerðir undir 99 krónum!

Komdu áður en allt klárást!

FELLSMÚLA 28

(Gamla World Class húsið)

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KLUKKAN 11-19

Lítill skref að nýjum lífsstíl

Dr. Karen Pine er einn höfunda bókarinnar Pú léttist – án þess að fara í megrun. Hún er dósent í þróunarsálarfræði við Háskólann í Hertfordskíri í Englandi auk þess sem hún hefur unnið við fjölda rannsókna um hugsunarhátt barna og líkamsímynd kvenna. *Sigríður Hjálmarsdóttir* ræddi við hana um bókina og árangurinn sem næst við að fylgja henni.

Undanfarna fjóra laugardaga höfum við fylgst með þeim Siggú, Ástu og Elísabetum bar sem þær hafa fylgt aðferðum bókarinnar Pú léttist – án þess að fara í megrun. Bókin leggur til ákvæðna dagskrá þar sem bent er á leiðir til að brjóstast út úr vanafestu, eitt skref á dag, sem getur falið í sér að fara aðra leið í vinnuna eða lesa annað dagblað pann daginn.

Árangurinn hjá konunum premur hefur verið misgóður og sumir kaflar bókarinnar reynst þeim erfiðari en aðrir. Karen segir það alveg eðlilegt að þeim þyki sumt erfitt sem bókin býður þeim að gera enda séum við öll dálítið föst í viðjum vanans. „Það getur verið óþægilegt fyrir suma að reyna eitthvað nýtt og þess vegna ákváðum við að láta fólk breyta einhverju örliðu á hverjum degi í staðinn fyrir að gera stórar breyttingar,“ segir Karen og leggur áherslu á að síðu tilbreyting sem bókin leggur til fyrir hvern dag þurfi aðeins að gera einu sinni yfir daginn. „Það er ekki ætlast til þess að persónuleikanum sé breytt yfir heilan dag, heldur bara litlu í einu. Smám saman fer fólk síðan að verða áræðnara við að stíga út fyrir sitt þægindasvið og þá fer það að léttast.“

Venjurnar leiða til ofáts

Ástæðuna fyrir því að fólk léttist við það eitt að verða sveigjanlegra í athöfnum segir Karen vera þá að venjurnar sem fólk er fast í hvetja margar hverjar til ofáts. „Til dæmis er algengt að fólk fari beint í ísskáppinn þegar það kemur heim í vinnunni og setjist síðan við sjónvarpið um kvöldið með snakk í skál. Það er mun auðveldara fyrir fólk að ráðast beint að munstrinu í kringum matarvenjurnar heldur en beint á matarvenjurnar sjálfar. Það eru svo margar kveikjur yfir daginn sem verða til þess að fólk fær sér að borða. Ef venjurnar yfir daginn eru brotnar upp þá breytast matarvenjurnar sjálfkrafa líka,“ útskýrir Karen og bætir því við að fólk hætti smám saman að borða af mikil og breyti öllum matarvenjum sínum bannig að þær verði heilbrigðari. „Ef þú sleppir því að horfa á sjónvarpið eitt kvöld þá sleppir þú því líka að narta í snakki sem þú ert alltaf með við sjónvarpið. Þegar fólk síðan venst því að verða sveigjanlegra verður það hamingjusamara og leitar því ekki huggunar eða félagsskapar í matnum. Það er af upptekið við að njóta lífsins.“

Langtímalausnir taka lengri tíma
Karen segir árangur kennanna briggja í átaki Fréttablaðsins vel ásættanlegan. „Það er mikilvægt

að þeir sem nýta sér þessa leið geri sér grein fyrir því að þetta er engin skyndilausn bar sem lofað er að fólk grennist um tvær buxnastærðir á tveimur vikum. Þetta verður að vera langtímalausn og tekur því aðeins lengri tíma. Pessar skyndilausnir virka oft vel í stuttan tíma en á endanum er fólk búið að bæta við sig öllu aftur og oft meiru til. Pess vegna er ekki betra að léttast hratt og með öfgafullum aðgerðum heldur hægt og örugglega,“ segir Karen og bendir á að þessar hröðu megranir séu oft kallaðar jóðumgranir sem fólk stundi þó jafnan árum saman þangað til þær fari að hafa verulega slæm áhrif, bæði líkamlega og andlega.

Karen hefur þau skilaboð til Siggú, Ástu og Elísabetar að halda áfram og gera þetta á þeirra eigin hraða. „Reynið að hugsa þetta ekki eins og bið séuð undir þrýstingi og gerið verkefnin í beirri röð sem hentar ykkur. Reynið bara að gera þau og breyta einhverju örliðu á hverjum degi meðan þið eruð að venjast þessu. Á endanum ætti ykkur að vera farið að finnast þetta skemmtilegt og þá njótið þið þess að breyta til.“

sigridurh@frettabladid.is

ENGIN SKYNDILAUSNIR Karen leggur áherslu á að aðferðirnar í bókinni virki vel til lengri tíma litið en ekki sé um neinar skyndilausnir að ræða.



Léttari og ánægðari með lífið

Nú eru þær Sigga, Ásta og Elísabet búnar að fylgja eftir hinni bytingarkenndu bók, Pú léttist – án þess að fara í megrun, í fjórar vikur og hafa samanlagt lést um 4,5 kiló. Allar eru þær mjög hrifnar af bókinni og ákvæðnar í að fara í gegnum hana aftur og þá á eigin hraða og eigin forsendum. Bókin leggur til lífsstílsbreytingu sem felur í sér að brjóta upp vanafestuna og reyna eitthvað nýtt á hverjum degi. Með því móti á að vera hægt að breyta munstrinu í matarvenjum og fólk léttist, eins og konurnar þrjár hafa reynt.

Sigga Lund

Hvernig gekk síðasta vikan? Síðasta vikan búin, sem betur fer en þetta var mjög pirrandi vika. Verkefnin voru virkilega erfið og kröfðust mikillar þælingar, auk þess að horfast í augu við sin eigin ótta. Ástæðan fyrir því að síðasta vika var svona pirrandi var að ég leyfði mér bara að vera í friði með mína vana. Það er bara stundum erfitt að breyta og gera öðruvísi en maður er vanur. Þannig að það fór í taugarnar á mér.

Í heildina er ég núna búin að léttast um tvö kiló á þessum fjórum vikum og það er bara alveg eins og mælt er með.

Hvernig finnst þér víkurnar fjórar hafa verið? Mér finnst þessi bók finnsta aðferð til þess að takast á við líf sitt og aukakílóin í leiðinni. Ég mæli alveg með því að fólk prófi

hafi á mínum eigin forsendum og án allra skýrslugerða. Ég ætla að gera þetta af miklu meiri ástíðu og samviskusemi enda veit ég núna að hverju ég geng.

Bókin hefur gert það að verkum að ég hugsa öðruvísi um mataræðið í dag en áður en ég byrjaði. Ef ég fæ einhverja þörf fyrir að kaupa mér nammi meðan ég horfi á sjónvarpið þá bremsa ég mig af og ákveð að breyta til í það skipti, í staðinn fyrir að rjúka út í sjóppu að kaupa mér bland í pokar. Þannig að í rauninni þá hefur hugsunarhátturinn breyst gagnvart þessu án þess að ég hafi beinlínis tekið eftir því.

Ásta Sólveig Hjálmarsdóttir

Hvernig gekk síðasta vikan? Það gekk bara mjög illa í þessarri viku, verr en í síðustu viku enda er ég núna búin að bæta á mig hálfu kilói. Þannig að ég er farin að efast um að þetta virki nokkuð fyrir mig. Gekk voða vel fyrstu tvær vikurnar og þá léttist eg um rúmlægum eitt og hálft kiló en síðan hefur það ekki gengið nógum vel.

Hvernig finnst þér þessar fjórar vikur hafa verið? Mér fannst þetta mjög skemmtilegt til að byrja með en svo varð þetta bara erfitt af því það var svo mikil pressa.

Ég hef tekið eftir því síðasta mánuðinum að stundum þegar ég hef ekkert að gera þá ákveð ég að fá mér bara að borða. Svo fer ég að hugsa mig um og áttá mig þá á því að ég sé í rauninni ekkert svöng og geti vel beðið með það fram að kvöldmat. Ég sé það núna að þetta er allt alveg svakalega mikil rútna.

Heldurðu að bókin breyti lífsstíl þínum til langframa? Ég sé það alveg fyrir mér að þetta gæti orðið til lífsstílsbreytingar til lengri tíma litið enda hefur þegar orðið svo mikil breyting á mínum högum að mig munar varla um nokkra hluti í viðbót. Ég var náttúrlega að flytja, byrja í nýrrri vinnu og fleira sem fylgir því. Þá ætti ekki að vera erfitt að breyta einhverju í viðbót.

Ég ætla pottþétt að lesa bókina aftur þegar ég er búin að koma mér betur fyrir í Stykkishólmi enda er ég bara nýflutt þangað.

Mér finnst bókin alveg frábær og ekki bara til þess að léttast heldur líka til að breyta viðhorfi. Það var rosalega

gaman fyrstu vikuna að gera hluti sem maður er ekki vanur að gera en fyrirmælin voru mjög skýr þá viku. Síðan kom að því að breyta hugsunarhætti og framkomu og það er bara mjög erfitt. Mér fannst aðstæður mínar alls ekki bjóða upp á að vera með miklar breytingar gagnvart fólkini í kringum mig.

Aftur á móti þá langar mig mikil til þess að fara í bókina aftur og þá á mínum eigin hraða og án þess að það sé opinbert átak.

Mér finnst þetta mjög sniðug bók og ekkert endilega bara í tengslum við að léttast. Það er í rauninni margt annað sem skiptir meira máli í þessarri bók það er í raun bara bónus að léttast.

Elísabet Ólafsdóttir

Hvernig gekk fjórða vikan? Ég er búin að léttast um 600 grómum síðustu vikuna þrátt fyrir að hafa átt dálítið erfitt með að framfylgja öllu sem ég áttí að gera. Ég las allt um verkefni vikunnar og fannst margir mjög góðir punktar í þessu eins og til dæmis að byrja að haga sér eins og forvití barn og að taka eftir hlutum öðruvísi. Litlir hlutir eins og hvort það séu tyggjó að götunni eða hvort hún sé hrein.


Hvernig finnst þér þessar fjórar vikur hafa verið? Ég ætla að þetta fyllt er aftur og gefa mér meiri tíma í að áttá mig á þeim skrefum sem ég reð illa við í fyrri umferðinni. Í heildina hefur þetta verið mjög skemmtilegt og ég er búin að fara á fjöldamörk trúnó í gegnum þetta allt og sökuð um allt of djúpt blogg í kjölfarið.

Ég er hins vegar alveg viss um að þegar ég hætti að gefa skýrslu í Fréttablaðið þá eigi ég eftir að njóta þess mun betur að gera þetta.

Heldurðu að bókin breyti lífsstíl þínum til langframa? Mér finnst þetta mjög góð bók. Hún fjallar um að opna hugann og sjá sjálfan sig frá öðru sjónarhorni. Þegar það gerist þá fer maður að hugsa betur um sjálfan sig og bar af leiðandi að lifa heilnæmara lífi.

Bókin snýst um að fá fólk til að sjá að það getur breytt sjálfu sér og þá líður því betur. Þegar manni líður betur þá boraður maður hollari mat. Það er æðislegt.

Hvort sem þetta er hin fullkomna megrunaraðferð eða ekki þá er þetta hin fullkomna lífsaðferð, finnst mér. ■



Ég er alveg ákveðin í því að fara aftur í skrefin frá upp- og ekkert farið í mataræði bókinni. Heldurðu að þetta breyti lífsstíl þínum til langframa? Mér finnst það engin spurning að þetta geti verið lífsstíðarbreyting á svo margan hátt. Ekki bara hvað varðar áhyggjurnar af mataræðinu og aukakílónum, heldur opnar þetta bara huga manns rosalega mikil og er þínulítil sjálfsskoðun að nauð.

Ég er alveg ákveðin í því að fara aftur í skrefin frá upp-

HVERNIG ER AD...

VERA DJÓKARI?

Jón Mýrdal

- djókari
„Það er alveg frábaert að vera djókari. Þá fær maður óskipta athygli bæði í matar- og kaffitínum. Er vinsæll. Svo nýtur maður óttablandinnar virðingar. Fólk vill síður lenda í djókarunum. Sem er ég.“

**Einar Rúnarsson**

- djókari

„Jújú, maður er náttúrlega alltaf eithvað að djóka með Sniglabandinu. Það getur tekið á að djóka en annars hef ég verið djókandi alla tíð. Besta djókið er það sem gerist spontan á einhverjum Sniglabandsgiggum, til dæmis í útvarpinu. Jájá, ég er sæll og sáttur við að vera djókari. Kaupi það alveg.“

Anna Þóra Björnsdóttir

- djókari

„Takk fyrir komplíméntið. Jú, það getur tekið á að vera djókari. Miklar kröfur eru gerðar til manns. Og oft erfitt að djóka eftir pöntun. Annars getur þetta reynst varasamt. Til dæmis brá Reyni Traustasyni illa þegar ég hringdi óvart í hann og sagðist vera laundóttir Sonju Zorillu. Hún hafi gefið mig og hann komst umsvifalaust á þá skoðun að líklega væri Onassis skipakóngur þappi minn. Eftir að hyggja fannst mér verra að þetta væri allt eintóm þvæla því þá væri ég ekki í þessu basli alla daga.“

Sigurður Sveinsson

- djókari

Lifið gengur út á það að hafa gaman af því. Annað væri náttúrlega skandal. En innst inni er ég náttúrlega graflarvallegur maður. Ég held að hver maður ætti, til þess hreinlega að lífa af, að leita eftir húmornum í sjálffum sér. Djókari eða ekki djókari. Ég reyni að hafa gaman að lífinu og það er nú þess vegna sem ég lít út fyrir að vera tvítugur.“

Sigríður Dögg Arnardóttir

- djókari

„Mér finnst það æði. Að vera djókari er nátengt því að vera með þráhyggju. Hugsanir sem koma allt í einu, out of nowhere, og verða að koma þeim á framfaeri. Djókarinn er þannig hvatvis með vott af þráhyggju. Hugsar oft ekki áður en hann lætur vaða. Ég vona að ég dansi á línumni, sé fyndin og sniðug en ekki taklaus og móðgandi.“

GOTT FÓLK MCCANN

GYM - 80
VIRKARI

515 6100 | SYN.IS | SKIFAN | VODAFONE

Í KVÖLD KL. 20
**ÍSLANDSMÓT
ICE FITNESS**
Í BEINNI

ICE
FITNESS


SYN
besta sætið



verðdaemi

19.884

verð áður: 24.980



HAUSTVEISLUNUM
LÝKUR UM HELGINA

20%
afsláttur

Síðasta tilboðshelgi á barnahúsgögnum

HEI
HÚSGAGNAHÖLLIN

PI&PANTER barnarúmPI&PANTER barnarúm B70 x L200 x H65 cm kr. 19.984. Verð án dýnu og öryggisgrindar.
Rúmfataskúffa kr. 4.784 stk. áður 5.980.

Hreinræktuð íslensk illmenni

Alveg er á hreinu hver íslenskra kvíkmyndagerðarmana hefur verið duglegastur við að skaffa íslenskum bíógestum skúrka, óbermi og fúlmenni – hreinræktuð illmenni – á hvítu tjaldið. Hrafn Gunnlaugsson er þar sem kóngur í ríki sínu.

Kveikjan að bessari samantekt, um illmenni í íslenskum kvíkmyndum, er frábær framistaða Theódórs Júlíussonar í hlutverki Ellíða í Mýrinni. En þegar til kastanna kom reyndist flóknara að finna hreinræktuð fúlmenni í íslenskum bíómyndum en ætla hefði mátt á fyrstu.

I ágætum pistli sem Sigríður Péturnsdóttur kvíkmyndafræðingur skrifaði í fagtitmaritið Land og syni fyrir nokkru: „Pá riðu hetjur um héruð...“, um karlímundina í íslenskum kvíkmyndum, kemur fram skortur á hetjum, úrræðagóðum og atkvæðamíklum. Hins vegar hefur borið mest á karlömnum sem eru „liðleskjur, margir hverjir óheiðarlegir, latir, sjálfsselskir, halda fram hjá, eru oft á tíðum algjör kvíkindi og ekk-

ert á þá að treysta. Eða eru bara aumingjar með hor sem láta kerlingar ráðskast með sig.“

I ljósi þessa ætti að vera af nægu að taka þegar illmennin eru annars vegar. En það er öðru nær. Annað hvort er um parðið á „vonda kallinn“ að ræða og/eða duglausum aumingjum Sigríðar er til að dreifa. Sér þeir illmenni, eða fremji illvirki, þá eru þeir afsprengi umhverfis síns og bannig gjarnan fórnarlömb sjálfrir. Svo virðist sem íslenskum kvíkmyndagerðarmönnum upp til hópa sé í mun að skapa samúð með þessum aumingjum sínum og þá getur reynst erfitt að flokka persónurnar sem rakin illmenni. Kvíkmyndasérfræðingar Fréttablaðsins settu þó saman topp tíu lista illmenna og var rétt svo að tókst að skrapa saman í hópinn.

jakob@frettabladid.is



1. ELLÍÐI Theódór Júlíusson í Mýrinni eftir Baltasar Kormák.

Elliði er svo óárennilegur og sannfærandi sem illmenni, fauti og refsifangi að þegar Theódór Júlíusson hringdi í frambjóðandann Guðmund Steingrímsson, þá búinn að sjá Mýrina, til að lýsa yfir stuðningi við framboð hans, þá varð Guðmundur hálf hræddur. Reyndar er annað illmenni í Mýrinni sem vel kom til álita á lista yfir illmenni, en það er Rúnar sem Eyvindur Erlendsson leikur. En Elliði drepur aumingjann Rúnar sem því fær ekki að fljóta með hér.

2. KAUPAMAÐURINN Sveinn M. Eiðsson í Óðali feðranna eftir Hrafn Gunnlaugsson

Þessi persóna Hrafns var með slíkum óskópum að mörg börn fengu martröð eftir að hafa séð Óðal feðranna. Kaupamaðurinn reynist algert ómenni, sóða- og suddalegur aumingi sem notfærir sér aðstöðu



sína og neyðir broskahefta heima-sætuna til samrædis. Sveinn M. Eiðsson var frábær í hlutverkinu og svo sannfærandi að margir urðu, á hinum mikla vori í íslenskri kvíkmyndagerð, til að tengja hann ómaklega persónunni.



3. RÓBERT Steindór Hjörleifsson í Morðsógu eftir Reyni Oddsson

Í þessari fyrstu alíslensku kvíkmynd í fullri lengd leikur Steindór ofbeldisfullan heimilisföður af miklu öryggi. Róbært kúgar eigin-konu sína og nauðgar stjúpðóttur sinni. Þetta verður til þess að þær mæðgur drepia ódáminn og segja þá bíogestir: Farið hefur fé betra.

4. SÍRA JÓN MAGNUSSON Hilmir Snær Guðnason í Myrkrahöfðingjanum eftir Hrafn Gunnlaugsson

Síra Jón er vitaskuld frægur úr sögunni og gerir Hrafn sér mat úr Píslarsögu hans í Myrkrahöfðingjanum. Hugumdjarfur tekur hann við brauði vestur á fjörðum en verður fljótlega fórnarlamb óra sinna og paranoju. Hann sér galdramenn og fordæður í hverju horni sem leiðir til þess að sjálfur verður hann kvalari sóknarbarna sinna. Hér má vissulega segja að Jón sé sjálfur ákveðið fórnarlamb veiki sinnar – en á móti kemur að segja má að illmenni teljast tæplega heil á geði þegar allt kemur til alls.

5. NATAN Baltasar Kormákur í Agnesi eftir Egil Eðvarðsson

Natan er vissulega fórnarlamb einnig plús það að ganga á hlut annarra. En í mynd Egils er Natan einkum ómenni sem gengur í skrokk á Agnesi og svifst einskis. Varmennsku hans er við-brugðið og verður til þess að Agnes og Friðrik grípa til þess að ráða hann af dögum. Með pekkum afleiðingum.



6. PURÍÐUR Tinna Gunnlaugsdóttir í Ungfrúin góða og húsið eftir Guðnýju Halldórsdóttur

Tinna er húsfíru á kaupmannsheimili. Hún lítur niður á kotunga og annan lýð, telur sig yfir hann hafinn. Af allt öðru sauðarhúsi er systir hennar sem Ragnhildur Gísladóttir leikur. Af snobbi Puríðar hljófast svo hin verstu örlog en sjálf hefur hún ekki úr háum



söðli að detta því siðferðisvitund hennar er ekki burðug þegar hún sjálf á í hlut. Hún snobbar fyrir dansknum og leggst með honum. Sem sagt: Hið versta man.

7. KÓNGURINN ÓLAFUR TRYGGVASON Egill Ólafsson í Hvítá víkingnum eftir Hrafn Gunnlaugsson

Ólafur konungur er hið dæmigerða illmenni. Dreginn skýrum dráttum. Grímmur, gráðugur og illur drifur hann frásögningu áfram með því að standa í vegi fyrir því að elskendur nái saman. Hrafn Gunnlaugsson er af skóla Kúrusava og Serge Leone – þar sem hann lætur ekki eftir leikurum eitthvert dund við að dýpka persónu í krókaleið til að kalla fram samúð áhorfenda. Egill leikur svo konunginn vonda af stakri snilld.



8. PÓRÐUR Helgi Skúlason í Hrafninn flýgur eftir Hrafn Gunnlaugsson

Þeir voru stærri glæpirnir í hefndarþjóðfélagi landnámsaldar en pekkjast nú. Pórður drepur foreldra Gests og gerir systur hans að frillu sinni. Sæmileg illmennska það. Í meðförum Helga heitins Skúlasonar verður þessi fautu að einu eftirminnilegasta illmenni íslenskrar kvíkmyndasögu þó ef til vill megi finna meiri illvirkja þar – samansúrða öfugugga og ljóta karla.

9. SVEPPÍ Steinn Árman Magnússon í Veggfóðri eftir Július Kemp og Jóhann Sigmarsson

Nauðgarinn, dóphrossið og smákrímminn Sveppi kemst á lista, ekki síst fyrir að láta sér ekki duga glæpahneigð og pervertískar kenndir heldur tekur hann polo-roid-myndir af fórnarlömbum sínum og hengir upp á vegg. Krókóðilamaðurinn í samnefndum texta Megasar. Steinn Árman í essinu sínu. Margir gætu freistaast til þess að telja Sveppa vera eins konar parðið á illmenni, slík sterítópýa er hann, en gegnheil illmenni eru nú einu sinni sterítópýur og hér, við þetta tækifæri, verður ekki öðru haldið fram en að þeir Júlís og Jóhann hafi verið fullkomlega einlægir í sinni bíomyndagerð.



10. HANDRUKKARINN Gísli Örn Garðarsson í Börnum eftir Ragnar Bragason

Einhvern vegginn liggr í hlutarins eðli að handrukkarar eru vondir. Þeir hljóta að teljast illir sem leggja fyrir sig þá iðju að lim-lesta og meiða menn til að rukka skuldir fyrir dópsala. Hitt er að nokkur dýpt er lögð í karaktera í Börnum og handrukkarinn Gísla Arnar hefur til að bera vott af siðferðiskennd. Hins vegar, þegar kemur að því að snúa við blaðinu, sést að þetta er það eina sem handrukkarinn kann. Að beita ofbeldi.

Ágæt frammistaða Gísla Arnar tryggir þessari persónu túnða sætið í þessari samantekt bött hann sé ekki alvondur sem slíkum.



RENAULT

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.620.000
Verð frá kr. 1.301.205 án vsk
Fjármögnumnarleiga kr. 24.896
Fjármögnumnarleiga kr. 19.996 án vsk.

ATVINNÚBÍLAR
FYRIRTEKJAPJÖRNUSTA

Master

Renault Master
Verð frá kr. 2.720.000
Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.
Fjármögnumnarleiga kr. 42.024
Fjármögnumnarleiga kr. 33.754 án vsk.

Trafic

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.280.000
Verð frá kr. 1.831.325 án vsk.
Fjármögnumnarleiga kr. 35.295
Fjármögnumnarleiga kr. 28.350 án vsk.

* Fjármögnumnarleiga m.v. 5 ára lán í erlendi myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is [B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is](http://www.bl.is)

NAFNIÐ MITT LÓA ALDÍSARDÓTTIR UM NAFNIÐ SITT**Ólöf Dómhildur fullstórt nafn fyrir litla stelpu**

„Ég er ekki skráð þessu nafni í Þjóðskrá. Þar heiti ég Ólöf Hildur,“ segir Lóa Aldíssardóttir um nafn sitt. Hún hefur þó allra tiló gengið undir nafninu Lóa og gegnir Ólafarnafniu ekki.

„Já, ég hef verið kölluð Lóa frá fæðingu. Sem er í höfuðið á langömmu minni. Ég átti upphaflega að heita Ólöf Dómhildur.“

Býsna langur vegur frá Lóu-nafni. Ólöf Dómhildur hefði verið í höfuðið á öðru nafni. En móður hennar þótti það heldur óþjált og stórt nafn fyrir litla dóttur sína þá þegar hún létt skíra hana.

„Svo hef eg gegnt ýmsum eftir- og föðurnöfnum í gegnum tíðina. Ég ólst upp hjá stjúpföður og kenndi mig stundum við hann. Og stundum

kenndi ég mig við blóðföður minn en tók svo af skarið um tvítugt og ákvæð að kenna mig við móður mína.“

„Svo fyrir nokkrum árum var ég fullorðin konan aétteleidd. Og þá ákvæð ég, ásamt systkinum mínum, að taka líka upp ættarnafn. Sem Pind. Þannig að ég heiti Lóa Pind Aldíssardóttir.“

Samkvæmt bjóðóskrá eru 85 sem bera nafnið Lóa sem 1. eiginnafn og 168 sem bera nafnið sem 2. eiginnafn. Lóu-nafnið er því ekki sjaldgæft og Lóa okkar veit af ýmsum nöfnum sínum.

Lóa man ekki til þess að sér hafi verið strítt í æsku vegna nafns síns. Né heldur að hún hafi lent í einhverjum sérstökum atburðum sem tengjast nafninu beinum hætti. Hún segist

þó vissulega hafa heyrт oftart en góðu hófi gegnir vitnað í „Lóa-Lóa-Lóa mig langar til að byggja til þín brú,“ sem Megas söng og var þá óbeint að vitna í Lóu litlu á Brú Hauks Morthens.

Menn tengja sjálfsmýnd sína að einhverju leyti nafninu sem þeir bera. Í mismiklum mæli þó. Lóa, sem er áægð með nafn sitt, telur það vera. „Þetta er stutt og snaggaralegt nafn. Sem ég hef borið alla ævi. Að ég sé þá stutt og snaggaralegt? Já, ég hugsa það bara.“

LÓA ALDÍSSARDÓTTIR Hefur heyrт oftart en góðu hófi gegnir vitnað í Megas: „Lóa-Lóa-Lóa mig langar...“



Vöruhönnuðir kl. 14:00

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir

Gunnar Magnússon

Katrín Pétursdóttir Young

Óðinn Bolli

Tinna Gunnarsdóttir

Þórdís Zoega

Grafískir hönnuðir kl. 1 : 00

Atli Hilmarsson

Ámundi

Gunnar Karlsson

Siggi Eggertsson

Sól Hrafnasdóttir

Steðán Kjartansson

atahönnuðir kl. 1 : 00

Aftur

Bergþóra Guðnadóttir

ELM

Sigrún Baldursdóttir

Steinunn Sigurðardóttir

Sunna Dögg Ásgeirsóttir

Arkitektar kl. 1 : 00

Arkibúllan

Einrúm

Guðmundur Jónsson

Hjörðis og Dennis

Teiknistofan Tröð

Yrki

RJÓMI

24 HÖNNUÐIR 240 MÍNÚTUR

RJÓMI íslenskar hönnunar verður dreginn fram í dagsljósið þegar tuttugu og fjarir af áhugaverðustu hönnuðum Íslands kynna verk sín í tíu mínútur hver í hönnunarmaraþoni ásamt því sem nemendur LHÍ og HR kynna fimm vikna rannsóknarvinnu í formi viðskiptahugmynda sem lýsa spennandi tækifærum þar sem sérkenni íslenskar hönnunar eru dregin fram:

Klambur	Íslensk alþýðuhönnun
Gallerík	Umboðsskrifstofa fyrir grafiska hönnuði
Black box	Bolaframleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framsækinni grafískri hönnun í geometriskum stíl
IPUC	Vináttusamband pólsku og íslensku þjóðarinnar
Ekta	Hönnun og þjóðarréttir Íslendinga
Spott	Færir þér íslenska hönnun heim í stofu
USSS...	Húsgagnahejtur
Show Off	Stuðningsnet fyrir íslenska fatahönnuði
Kví Kví	Tískulína sem byggir starfsemi sína á vistvænum og lifrænum efnum
